# FRÉTTABLAÐIÐ

82. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. APRÍL 2016


# Sögulegt brotthvarf

**Sigurður Ingi Jóhannsson er orðinn forsætisráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson óbreyttur þingmaður. Mótmæli héldu áfram á Austurvelli í gær.** SJÁ SÍÐUR 4 OG 8



FRETTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vill Sigmund af Alþingi

**FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ** „Hann hefði átt að segja af sér þingmennsku. Síðan hefði hann haft tækifæri til að koma aftur tvíefldur. En það er auðvitað kjósenda og stuðningsmanna flokksins að ákveða hvort hann verði framtíðarformaður flokksins,“ segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

Hann segir erfitt að meta ástandið. „Við erum enn stödd í hringiðunni, það er havarí á þinginu og annars staðar. Við eigum eftir að fá upplýsingar og bíðum eftir því. Þegar frá dregur vonast ég til að menn geti rætt þessa hluti á málefnalegan hátt og menn fái að njóta sannmælis. Það eiga allir rétt á því.“

Höskuldur er sennilega einn þekktasti þingmaður landsins eftir að hann tilkynnti óvart, á sögulegum og fjölmennum blaðamannfundi í Alþingishúsinu, að stjórnarflokkar hefðu komist að niðurstöðu um ráðherraskipti í landinu. Hann segir öllum ljóst að stjórnmálaástandið sé krítískt. Ástandið minni um margt á tímana eftir hrun.

— ósk / vh sjá síðu 10



> Við erum enn stödd í hringiðunni, það er havarí á þinginu og annars staðar.
>
> Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins










## Veður




**Í dag** verða austan 13 til 18 metrar á sekúndu og rigning á sunnanverðu landinu. Fyrir norðan verða 8 til 13 og lítilsháttar skúrir eða él. Hiti 3 til 8 stig, en svalara norðaustan til.

**SJÁ SÍÐU 20**

# Rafknúin sjálfrennireið




Verkfræðinemar við Háskóla Íslands kynntu í gær nýjan rafknúinn kappakstursbíl á Háskólatorgi sem keppa mun í árlegri hönnunar- og kappaksturskeppni á Silverstone-brautinni á Englandi. Árið 2011 tók liðið fyrst þátt í keppninni og hefur tekið þátt árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýr rammi er ekki töfralausn

**EFNAHAGSMÁL** Nýr rammi peningastefnunnar eftir losun fjármagnshafta hefði áfram stöðugt verðlag að meginmarkmiði og það yrði útfært með formlegu og tölusettu verðbólgumarkmiði eins og nú er.

Þetta kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins (SA) í gær.

Yfirskrift fundarins var „Fíllinn í herberginu“ og þar vísað til efnahagslegs óstöðugleika sem sögulega hefur stafað af krónunni.

Í ræðu sinni fór Már yfir brotalamir við stjórn peningamála fyrir hrun og sögu gjaldmiðilsins. Með flotgengisstefnu sem tekin var upp 2001 hafi átt að forðast inngrip á fjármálamarkaði, fjármálaeftirlit átti að sjá til þess að einstakar fjármálastofnanir væru í lagi og ríkisfjármálin hlutlaus yfir hagsveifluna. Markaðir myndu svo sjá um afganginn. „Það reyndist ekki svo,“ sagði Már.

Nýr rammi segir hann að feli í sér „stýrt flot“ krónunnar, sem án tiltekins gengismarkmiðs hefði það að markmiði að dragar úr óhóflegum sveiflum á gengi gjaldmiðilsins vegna tímabundins fjármagnsinnstreymis og draga úr skammtímaflökti á gengi.

Már áréttaði að lokum að nýr rammi yrði betri en sá sem við höfðum fyrir fjármálakreppu.

„En hann verður engin töfralausn.“ Peningastefnan verði áfram framkvæmd við skilyrði óvissu í síbreytilegum heimi. „Hún á þó við flestar aðstæður að geta til lengri tíma litið skilað okkur verðstöðugleika og það er ekki svo lítið.“ **– óká**

## Yfirmenn vildu vara félaga við skattarannsókn

**SVÍÞJÓÐ** Tveir æðstu yfirmenn sænskra skattayfirvalda gripu inn í og reyndu að hafa samband við fyrrverandi ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, Frank Belfrage, til að vara hann við að fréttaskýringaþáttur sænska ríkissjónvarpsins, Uppdrag granskning, væri að skoða tengsl hans við Panama-skjölin svokölluðu.

Belfrage var fyrrverandi samstarfsmaður yfirmannanna tveggja hjá skattinum er þeir störfuðu fyrir sænska stjórnarráðið.

Ofangreint kom fram í Uppdrag granskning sem sýndur var í Svíþjóð á miðvikudagskvöld.

Í kjölfar útsendingar þáttarins hafa sænsk skattayfirvöld tilkynnt að rannsókn eigi að fara fram innanhúss með aðstoð utanaðkomandi. Skoða eigi málið bæði út frá lagalegri hlið þess og siðferðislegri. **– ibs**

# Skattstjóri krefst þess að fá Panama-skjölin

**Ríkisskattstjóri hefur rétt á að fá Panama-skjölin afhent á grundvelli skattalaga. Ritstjóri Reykjavik Media tjáir sig um málið og segir skjölin ekki á sínu forræði. Hægt að leita dómsúrskurðar eða lögreglurannsóknar sé kröfunni ekki svarað.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisskattstjóri hefur krafist þess að fá Panama-skjölin afhent frá Reykjavik Media á grundvelli 94. greinar tekjuskattslaga.

Þar segir: „Öllum aðilum [...] er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Ekki skiptir máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til [...].

Ríkisskattstjóri sendi bréf til Reykjavik Media þessa efnis, sem hefur frest til að taka afstöðu til kröfunnar. Ríkisskattstjóri vill ekki gefa upp hvenær sá frestur rennur út. „Nú bíð ég bara eftir að Reykjavik Media tjái sig um málið,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Reykjavik Media hefur ekki afhent gögnin og virðist það ekki standa til á næstunni. „Reykjavik Media hefur ekkert forræði yfir gögnunum. Það hafa Alþjóðasamtök rannsóknarblaðamanna (ICIJ),“ segir Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Reykjavik Media. „Varðandi óskir ríkisskattstjóra þá er lögmaður okkar að svara því erindi.“ Frekari svör fengust ekki frá ritstjóranum.

Í lagaheimildinni sem ríkisskattstjóri vísar í segir að verði ágreiningur um skyldu aðila geti ríkisskattstjóri leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni megi vísa málinu til rannsóknar lögreglu.

Skúli Eggert segir að ef Reykjavik Media afhendi ekki gögnin verði tekið á því þegar þar að komi. „Við skulum bara sjá til. Þeir verða að fá að svara fyrst.“

Embættið vill fá gögnin til að sinna eftirlitsskyldu. „Til að ganga úr skugga um hvort það kunni að vera einhver efni til að kanna skattskilin frekar,“ segir Skúli en gefur engin frekari svör um hvort grunur um lögbrot sé að ræða. „Þetta er í eftirlitsskyni.“

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 á mánudag sagði Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri að þau gögn sem keypt voru í fyrra séu af svipuðum grunni og Panama-skjölin, en að þau síðarnefndu innihaldi að einhverju leyti ríkari gögn og fleiri félög. **erlabjorg@frettabladid.is**




Skattayfirvöld telja að skjölin sem lekið var frá Mossack Fonseca séu ítarlegri en þau sem keypt voru í fyrra og vilja því komast yfir þau í eftirlitsskyni. MYND/AFP

> Nú bíð ég bara eftir að Reykjavik Media tjái sig um málið.
>
> Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri



> Varðandi óskir ríkisskattstjóra þá er lögmaður okkar að svara því erindi.
>
> Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Reykjavik Media



VORIÐ ER KOMIÐ
LANDMANN 50 GASGRILL í 50 ÁR
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Niðurfellanleg hliðarborð
Landmann gasgrill
Triton 3ja brennara
POWER THERMAL SPREADING PTS SYSTEM
98.900
10,5 KW
VELDU GRILL SEM ENDAST OG ÞÚ SPARAR
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrandi lok
- Postulínsemalerað efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Einnig til 2ja brennara svart, 4ra brennara svart og rautt

Einnig til svart hvítt og grátt
Grillbúðin www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Opið kl. 11 - 18 virka daga
Opið kl. 11 - 16 laugardaga






Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Hyundai Tucson. Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

## Valin formaður Orkuveitunnar

**STJÓRNSÝSLA** Brynhildur Davíðsdóttir, doktor í umhverfis- og orkufræðum og prófessor við Háskóla Íslands, verður formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá og með aðalfundi fyrirtækisins 18. apríl næstkomandi. Á sama tíma gengur núverandi formaður stjórnar OR, Haraldur Flosi Tryggvason, úr stjórn OR.

Í Fréttablaðinu í gær sagði að formannsskiptin ættu við um Veitur ohf. sem er dótturfyrirtæki Orkuveitunnar. Það er ekki rétt eins og fram kemur hér að framan.

Sigríður Rut Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður tekur sæti Haraldar Flosa í stjórn OR. **– gar**


Brynhildur Davíðsdóttir


Cameron seldi hlut sinn á 30 þúsund pund. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Cameron seldi hlut í aflandsfélagi

**STJÓRNMÁL** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur játað að hafa átt hlut í sjóð föður síns sem staðsettur var í skattaskjóli erlendis.

Blairmore-sjóðurinn var stofnaður af föður Camerons, Ian Cameron, á áttunda áratugnum og hjálpaði panamska lögfræðistofan Mossack Fonseca við að setja upp sjóðinn.

Cameron seldi hlut sinn í sjóðnum árið 2010 á meira en 30 þúsund pund, fjórum mánuðum áður en hann tók við embætti forsætisráðherra. Sjóðurinn hefur aldrei greitt skatta í Bretlandi.

Mikill þrýstingur er á Cameron og afsögn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar mun hafa sett meiri þrýsting á Cameron. **– srs**

» Cameron seldi hlut sinn í sjóðnum árið 2010 á meira en 30 þúsund pund.


Ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar er skipuð jafnmörgum konum og körlum. Á myndina vantar Ólöfu Nordal innanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sigmundur aftur á hliðarlínuna

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kveður ríkisstjórn eftir þrjú ár sem forsætisráðherra. Lilja Dögg Alfreðsdóttir finnur fyrir auðmýkt og tilhlökkun. Þingmaður Bjartrar framtíðar boðar gíslingu pontu Alþingis.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórn undir forsæti Sigurðar Inga Jóhannssonar tók við völdum á Bessastöðum í gær. Konum fjölgar í ríkisstjórninni. Eru jafnmargir ráðherrar af hvoru kyni í ríkisstjórn Sigurðar Inga. Fyrr um daginn kom til snarpra átaka milli stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, mætti til Bessastaða um klukkan tvö í gær og baðst lausnar fyrir sig og sitt ráðuneyti. Fundurinn stóð yfir í um klukkustund.

Þegar Sigmundur Davíð gekk út af Bessastöðum óskaði hann nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum sínum og sagðist stoltur af árangri sinnar ríkisstjórnar. Nú tæki við að verja ríkisstjórnina falli í dag og svo ætlaði hann í frí með konu sinni og barni.

„Auðvitað hefði maður viljað fylgja þessum verkefnum eftir til enda en aðalatriðið er að verkefnið klárist,“ sagði Sigmundur á tröppunum utan við forsetabústaðinn.

„Það var áhugavert að sitja minn fyrsta ríkisráðsfund og ég fann til mikillar ábyrgðar og auðmýktar fyrir þeirri mikilvægu vinnu sem fram undan er,“ segir nýr utanríkisráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir. Hún tekur við af Gunnari Braga Sveinssyni sem verður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra „Nú þurfum við að vanda til verka. Ríkisstjórnin hefur ekki langan tíma og hefur skuldbundið sig til að klára brýn mál.“

> Ég fann til mikillar ábyrgðar og auðmýktar fyrir þeirri mikilvægu vinnu sem fram undan er.
>
> Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra



Lilja útilokaði ekki að taka þátt í prófkjöri Framsóknarflokksins fyrir komandi alþingiskosningar. Hins vegar væri of snemmt að ræða slíka hluti.

„Tíminn verður að leiða það í ljós. Það er of snemmt að tala um það á þessari stundu. Ég útiloka ekki neitt í þeim efnum,“ svaraði Lilja.

Fyrsta ráðuneyti Sigurðar Inga er nokkuð merkilegt fyrir þær sakir að í fyrsta skipti eru fleiri ráðherrar Framsóknarflokksins konur. Af fimm ráðherrum flokksins eru þrjár konur en tveir karlar. Aldrei hefur það gerst áður. Einnig er þetta í fyrsta skipti á lýðveldistímanum sem Framsóknarflokkur í tveggja flokka ríkisstjórn skipar ekki ráðherra af Norðausturlandi, sem hefur verið eitt höfuðvígi flokksins. Á lýðveldistímanum hefur það reyndar aðeins einu sinni gerst. Það var í samsteypustjórn Ólafs Jóhannessonar frá 1971 til 1974.

Fyrir ríkisráðsfundinn fór fram þingfundur þar sem stjórnarandstaðan gagnrýndi meirihlutann fyrir að hlusta ekki á vilja þjóðarinnar. Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, sagði að þjóðin væri ekki tilbúin í „leikrit“ og boðaði málþóf í öllum málum.

„Það tekur ekki þátt í þessu. Það er enginn valkostur eftir fyrir stjórnarandstöðuna annar en að segja við þessa stjórnarflokka: Það fara engin mál hér í gegnum þetta þing. Engin mál,“ sagði Róbert á Alþingi.



# F&F



## FALLEG BARNAFÖT Á FRÁBÆRU VERÐI




**970kr**
st. 18/24mán - 6/7ára




**1.270kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**2.260kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**3.540kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**2.850kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**2.460kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**1.960kr**
st. 6/7 - 14/15ára



**1.270kr**
st. 6/7 - 14/15ára



**2.950kr**
st. 6/7 - 14/15ára



**3.250kr**
st. 6/7 - 14/15ára




**1.760kr**
st. 6/7 - 14/15ára



**4.430kr**
st. 6/7 - 14/15ára



**1.570kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**1.960kr**
st. 3/5 - 15/16ára



**1.960kr**
st. 3/5 - 15/16ára



2 í pakka

**2.460kr**
st. 18/24mán - 6/7ára



**1.470kr**
st. 3-4 - 15-16ára

Finndu okkur á **Facebook**

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind, Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

ATH! Allt vöruúrval fæst í Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.






## Handtökur í Kaupmannahöfn



Lögreglumaður stendur vaktina í Kaupmannahöfn eftir að fjórir grunaðir meðlimir Íslamska ríkisins voru handteknir og hald var lagt á vopnabúr í íbúðarhúsi. NORDICPHOTOS/AFP

# Nöfn Íslendinga birtust fyrir mistök í sjónvarpi

**Minnispunktar ritstjóra Reykjavik Media með nöfnum forstjóra Alvogen, ritstjóra DV og fyrrverandi seðlabankastjóra voru birt í sænskum sjónvarpsþætti um Panama-skjölin og skattaskjól. Viðkomandi vísa gjarnan á Landsbankann.**

**SKATTAGÖGN** Listi með nöfnum Íslendinga birtist, að því er virðist, fyrir mistök í örskotsstund í fréttaskýringaþættinum Uppdrag Granskning í sænska ríkissjónvarpinu á miðvikudag. Þátturinn fjallaði um í Panama-skjölin svokölluðu.

Um er að ræða minnispunkta sem Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Reykjavik Media, hafði útbúið. DV greindi fyrst frá listanum. Ekki er víst að öll nöfnin sem voru á listanum séu í Panama-skjölunum, að sögn Aðalsteins Kjartanssonar, blaðamanns Reykjavik Media.

Meðal annars birtust nöfn Finns Ingólfssonar, fyrrverandi ráðherra, Róberts Wessman, forstjóra Alvogen, Eggerts Skúlasonar, ritstjóra DV, viðskiptamannsins Boga Pálssonar, Lofts Jóhannessonar, sem starfaði sem vopnasali, Sindra Sindrasonar, fyrrverandi stjórnarformanns Eimskips, og Sigþórs Sigmarssonar, stjórnarmanns í Novator.

Finnur átti félagið Adair með Helga S. Guðmundssyni, fyrrverandi formanni bankaráðs Landsbankans.

> **Ég greiddi skatta og skyldur af tekjum og málið hefur verið fullrannsakað af þar til bærum yfirvöldum.**
>
> Eggert Skúlason, ritstjóri DV, í viðtali við DV



Finnur segir fjárfestingar félagsins hafa verið sáralitlar en engu að síður haft í för með sér talsvert tap fyrir þá Helga. Það tap hafi verið gert upp við Landsbankann árið 2010 og félaginu í kjölfarið lokað. „Félagið var vistað í Landsbankanum í Lúxemborg og öll okkar samskipti út af félaginu voru við hann,“ sagði Finnur við Vísi í gær.

Í svari Halldórs Kristmannssonar, talsmanns Alvogen, segir að félag Róberts Wessman, Aceway, hafi verið skráð í Panama og haldið utan um eignarhlut Róberts í Actavis. Uppsetning félagsins hafi verið samkvæmt ráðgjöf Landsbankans.

„Actavis var á þessum tíma skráð í Kauphöll Íslands og eign Róberts í gegnum áðurnefnt félag því ávallt opinber í tilkynningum til Kauphallar. Til skoðunar var á þessum tíma að skrá Actavis í erlenda kauphöll og var því talið heppilegast að Aceway væri sett upp með þessum hætti,“ segir í svari Halldórs. Róbert hafi ávallt tilkynnt eign sína í félaginu til íslenskra skattayfirvalda. Þá hafi tekjur félagsins verið skattlagðar sem launatekjur hans en ekki sem fjármagnstekjur hér á landi.

Eggert, ritstjóri DV, sagði í samtali við blaðamann DV, að hann hefði opinberað þetta í yfirlýsingu í fyrra.

„Það vekur hins vegar athygli mína að í þessu skjali er ég tengdur við félag sem ég átti ekki. Það vekur upp spurningar. Ég greiddi skatta og skyldur af tekjum og málið hefur verið fullrannsakað af þar til bærum yfirvöldum,“ sagði Eggert í DV.

Í yfirlýsingu í Eggerts í fyrra var ekki tilgreint hvort félagið væri skráð í skattaskjóli heldur talað um félög erlendis. **ingvar@frettabladid.is**

# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**49.990 kr**
~~59.990~~

**Broil King Royal 320**
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kW/h
Grillgrind úr pottjárni
Grillflötur: 38 x 67 cm
3000604

GRILL MIKIÐ ÚRVAL! Broil King weber OUTBACK



30% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**29.990 kr**
~~42.990~~

**Trampolín með öryggisneti**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti
3900557



Gerðu verð- og gæða-samanburð!

**39.900 kr**

**AUTHOR TROPHY 26”**
19” Grind úr álblöndu 6061.
Skipting 18 gírar Shimano Revoshift.
Afturskipting Shimano TY21.
V bremsur. Þyngd 16.3 kg með fjöðrun
3901306

AUTHOR EVRÓPSKT GÆÐAMERKI



40% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**1.458 kr**
~~2.429~~

**Malarskófla Union**
5082510



28% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**9.995 kr**
~~13.995~~

**Hleðsluborvél**
12V og tvær rafhlöður
5245999



21% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**12.995 kr**
~~16.595~~

**Háþrýstidæla Nilfisk**
105 bör, 440 l/klst
5254249



22% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**959 kr**
~~1.279~~

**Greinaklippur**
7"
5084732



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**9.995 kr**
~~15.995~~

37% afsláttur

**Topplyklasett 73 stk.**
1/2"-1/4"
5052569



IKRA mogatec

**Rafmagnshekkklippa**
520W, 46 cm blað, klippigeta 16 mm
5083756

**6.495 kr**



# SÚPERTILBOÐ BLÓMAVALS



Útsæði 5 kg
**1.199 kr**
~~1.399~~ kr

Gullauga, Helga, Premiere eða Rauðar íslenskar



40% afsláttur

Vorerika
**599 kr**
~~999~~ kr



20% afsláttur

Mosaeyðir
**3.990 kr**
~~4.990~~ kr

Mosaeyðir

VORIÐ ER KOMIÐ blómaval

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

# Dagur gleði og gremju

**Gærdagurinn og síðastliðnir dagar hafa þótt einstakir í íslenskri stjórnmálasögu. Ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar tók við völdum í gær og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kvaddi. Þrátt fyrir hrókeringarnar mótmælir almenningur enn af krafti og krefst afsagnar nýju ríkisstjórnarinnar og nýrra kosninga.**



Sigurður Ingi Jóhannsson sat fyrir svörum á Alþingi nokkrum klukkustundum áður en hann tók við embætti forsætisráðherra. Ætla mætti að Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, biðji fyrir því að ríkisstjórn Sigurðar verði skammlíf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Síðasti fundurinn. Sigmundur Davíð situr sinn síðasta ríkisráðsfund sem forsætisráðherra Íslands. Hann ætlar að setjast á þing sem óbreyttur þingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nýr utanríkisráðherra leit dagsins ljós í gær. Lilja Dögg Alfreðsdóttir segist hlakka til að takast á við störf utanríkisráðherra. Hún er hlynnt því að aðild Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Bjarni næstur á gapastokkinn? Mótmælendur fjölmenntu á Austurvöll fjórða daginn í röð til að mótmæla ríkisstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mótmælendur gera hróp og köll að Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra og sýna honum rauða spjaldið. Með því vilja mótmælendur sýna ríkisstjórninni að það er verið að vísa henni af vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

CHEDDAR
LAGLEGUR
Cheddar kinkar kumpánlega kolli til bróður síns sem nefndur er eftir samnefndum bæ í Somerset á Englandi. Vinsældir Cheddar-osts eru slíkar að í dag er hann mest seldi ostur í heimi. Óðals Cheddar er þéttur, kornóttur, eilítið þurr í munni en mildur, með vott af beikon- og kryddjurtabragði og ferskri, eilítið sýrðri ávaxtasætu í lokin. Cheddar er skemmtilegur í matargerðina, sérstaklega í baksturinn og á ostabakkann með kjötmeti.

ÓÐALS CHEDDAR
www.odalsostar.is

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Segist alfarið á móti aflandsfélögum

**Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknar, segir erfiða tíma fram undan. Hann segir Sigmund hafa átt að segja af sér þingmennsku líka. Höskuldur segir að sér hafi ekki liðið vel eftir að hafa óvart tilkynnt blaðamönnum um nýja ríkisstjórn landsins á miðvikudaginn.**

Þetta var ferlegt. Það er ekki hægt að segja annað," segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks, sem óvart kynnti nýja ríkisstjórn á miðvikudagskvöld. Fjöldi fréttamanna beið niðurstaðna þingflokksfunda stjórnarflokkanna. Höskuldur gekk beint í flasið á fréttamönnum. Hann stóð í þeirri trú að Sigurður Ingi Jóhannsson og Bjarni Benediktsson hefðu þegar lokið við að kynna nýja ríkisstjórn.

„Við biðum inni í þingflokksherbergi eftir langan fund, eftir að Sigurður Ingi og Bjarni færu og ræddu við blaðamenn. Svo gekk ég út og tók nokkur símtöl. Þegar því lauk ætlaði ég að ræða við blaðamenn því þeir höfðu reynt að ná í mig. Ég var á leiðinni heim. Ég gekk niður og þar mætti mér meiri fjöldi en ég hafði búist við og þetta dæmalausa viðtal var tekið. Þetta var ekki ætlunin. Mér finnst þetta hálfpartinn leitt," segir hann.

Höskuldur segist hafa gert sér grein fyrir stöðunni í miðju viðtali. „Kannski hefði maður átt að átta sig fyrr. En ég fékk spurninguna: Hvenær koma þeir niður? og þá spurði ég: Eru þeir ekki komnir? Mér leið ekkert sérstaklega vel."

### Fordæmalaus staða

Undanfarin vika er fordæmalaus í stjórnmálasögunni. Greint var frá því að forsætis-, fjármála- og innanríkisráðherra ættu allir tengsl við félög á aflandseyjum. Forsætisráðherra sagði af sér eftir ein stærstu mótmæli í sögunni. Kastljós erlendra fjölmiðla beindist að málinu. Sigmundur stendur uppi sem óbreyttur þingmaður, en heldur formannssæti í Framsókn. Sigurður Ingi hefur tekið við forsætisráðuneytinu og nýr utanríkisráðherra verið skipaður, Lilja Alfreðsdóttir. Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, er ráðherra landbúnaðar og sjávarútvegs.

„Þessi vika hefur verið erfið. Ég held það sé öllum ljóst að ástandið er krítískt."

*Enn er mótmælt. Eru þessar ráðstafanir nægar?* „Það held ég. Við sem sitjum á Alþingi berum skyldur og ábyrgð á að landinu sé stýrt, líka þegar það er erfitt. Ég held við höfum komist að skynsamlegri niðurstöðu. Ég skil vel kröfuna um kosningar strax en ég tel að þar sem stutt er eftir af kjörtímabilinu hefði verið betra ef við hefðum klárað kjörtímabilið eins og stóð til. Ég held að flestir stjórnmálaflokkar hefðu viljað rými til að gera upp sín mál. "

### Minnir um margt á hrunið

Höskuldur segir stöðuna minna um margt á tímann eftir hrun. „Ég kom á þing 2007, skömmu síðar varð efnahagshrun. Ég sat í viðskiptanefnd. Við fengum á okkar fundi alla sem voru að reyna að útskýra hvað væri að gerast. Stemmingin var svipuð þá einstaka daga og núna."

Hann segist vonast til að ráðherraskiptin hafi slegið á reiði fólks. „Við höfum því miður horft upp á það síðastliðin ár að reiðin sem myndaðist þá, það er auðvelt að magna hana upp aftur. Þó að okkur gangi vel í efnahagsmálum og við stjórn landsins. Við höfum náð að sigrast á vandamálum og koma góðum verkefnum af stað. Samt er auðvelt að sjá af hverju fólk verður reitt."


Höskuldur Þórhallsson telur Sigmund hafa verið að gera sitt besta undir erfiðum kringumstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

*Hvernig finnst þér framganga Sigmundar hafa verið?* „Ég held að hann hafi verið að gera sitt besta undir erfiðum kringumstæðum. Ég held að enginn hafi áttað sig á hver viðbrögðin yrðu. Mér persónulega var brugðið, ég áttaði mig ekki á því hvert eðli þessara aflandsfélaga væri."

Viðtalið við Sigmund í Kastljósi var tekið þremur vikum áður en það birtist landsmönnum heima í stofu. Sigmundur hafði ekki sagt samflokksmönnum sínum frá því.

„Við getum séð eftir á, að það hefði verið betra ef hann hefði greint frá þessu. Ég ímynda mér að við værum þá í annarri stöðu."

*Hefur hann gert nægjanlega grein fyrir fjármálum sínum?* „Ég tel hann eiga að fá rými til að gera betur grein fyrir sínum málum. Hann sagði sjálfur að það væri ástæða til þess að gera betur grein fyrir sínum málum og leggja fram gögn, ef þau eru til."

### Hefði átt að stíga skrefið til fulls

Höskuldur segir Sigmund hefðu átt að stíga skrefið til fulls. „Hann hefði átt að segja af sér þingmennsku. Síðan hefði hann haft tækifæri til að koma aftur tvíefldur. En það er kjósenda og stuðningsmanna flokksins að ákveða hvort hann verði framtíðarformaður flokksins. Við erum enn stödd í hringiðunni, það er havarí á þinginu og annars staðar. Við eigum eftir að fá upplýsingar og bíðum eftir því. Þegar frá dregur vonast ég til að menn geti rætt hluti á málefnalegan hátt og menn fái að njóta sannmælis. Það eiga allir rétt á því."

*Finnst þér hann ekki hafa notið sannmælis?* „Mér finnst að aðstæður hefðu mátt vera aðrar til að hann gæti útskýrt mál sitt betur. En ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það. Ég bara get það ekki."

Hann segir alla framsóknarmenn átta sig á því að flokkurinn sé í erfiðri stöðu. Þeir hafi samt ekki snúið baki við Sigmundi. „Það held ég ekki. Við höfum stutt hann. Ég hef stutt hann. Það er kjósenda okkar að vega og meta hvort þeir treysta stjórnmálamönnum, það er flokksmanna að vega og meta hvort þeir treysti forystunni."

*Hvernig var að horfa á Kastljós? Vissirðu að hlutirnir myndu breytast?* „Ég gerði mér grein fyrir því en ekki hvernig eða í hvaða átt þeir myndu fara. Ég vissi sem víst að þjóðin yrði óánægð. Við ættum að taka þessar upplýsingar alvarlega. Ég held að tilfinningin hafi verið svipuð og hjá fólki almennt. Manni var brugðið og ég var dapur."

> Ég held að tilfinningin hafi verið svipuð og hjá fólki almennt. Manni var brugðið og ég var dapur.

Fundur Sigmundar með forsetanum vakti furðu. Höskuldur segir þingflokkinn hafa viljað vita af fyrirætlunum Sigmundar. „En það varð fjaðrafok. Þegar maður er staddur í miðri hringiðu þá kannski telur maður sig vera að gera rétt, sem svo eftir á reynist rangt."

### Málið skaði ímynd landsins

Rætt hefur verið um skaða sem málið hefur valdið ímynd landsins. „Ég held það sé rétt. Hlutabréf hafa fallið. Fundum verið frestað. Trúverðugleiki landsins beðið hnekki."

Höskuldur telur ekki að Bjarni Benediktsson þurfi að víkja til að endurvekja traust. „Hann, eins og aðrir, þarf að standa frammi fyrir sínum kjósendum og flokksmönnum. Mér finnst hann hafa gert ágætlega grein fyrir sínum málum. Það er ekkert í mínum huga sem er ósvarað. Ég treysti honum og er reiðubúinn að starfa með honum og Ólöfu í ríkisstjórn þangað til boðað verður til kosninga."

*Fannst þér gengið fram hjá þér við ráðherraskipan?* „Nei. Ég hef pólitískan metnað en gerði mér grein fyrir að í svona erfiðri stöðu væri ágætt að breyta sem minnstu."

*Heldur þú að þessi sár verði gróin um heilt þegar kjörtímabili lýkur?* „Ég veit það ekki og vil engu spá. Ég veit að við ætlum að vinna vel fram að kosningum og nýta þann tíma til að koma mikilvægum málum í gegn. Síðan þurfum við að ræða við fólkið í landinu. Reyna að sannfæra það um að okkar stefna sé farsælust."

*Hvað finnst þér um félög stofnuð á aflandseyjum, þó allt sé gefið upp til skatts í heimalandinu?* „Ég er alfarið á móti slíku."

*Þú átt ekki aflandsfélag?*„Nei."

### Gjaldeyrishöftin stærst

Stærsta mál ríkisstjórnarinnar er að aflétta gjaldeyrishöftum. Hagfræðingur steig fram og sagði Seðlabankann einn geta klárað málið og engrar aðkomu ráðherra sé þörf. Þessu hafa þingmenn Sjálfstæðisflokks og aðrir hafnað. „Það eru örugglega einhverjir sem gætu leitt þessa vinnu. En það verður ekki hjá því komist að Bjarni er vel að sér í þessum málum. Þekkir hvern krók og kima. Ég held að hann sé vel til þess fallinn að leiða þetta til lykta."

*Stjórnarandstaðan leggur fram vantrauststillögu í dag. Verður starfsfriður undir þessum kringumstæðum?*

„Það verður erfitt að starfa á næstunni. Ég held að næsta vika verði erfið, en svo fer þetta bara eftir því hvernig þetta þróast. Einhvern tímann verður starfsfriður. Við höfum lært að vinna undir pressu. Það er hlutverk stjórnmálamanna."

### Formaður í nokkrar mínútur

Mistök urðu til þess að tilkynnt var að Höskuldur væri orðinn formaður Framsóknarflokksins árið 2009. Árið sem Sigmundur tók við formennsku. Nokkrum mínútum síðar var misskilningurinn leiðréttur. „Það var einfaldlega lesið vitlaust upp. Þetta voru líklega bestu tímar Framsóknarflokksins," segir hann hlæjandi.

„Mér fannst ólíklegt að svona færi. Þegar þetta var tilkynnt var ég á báðum áttum en óneitanlega glaður. Líka kvíðinn. Ég var mjög ungur þegar ég bauð mig fram til formanns og óreyndur í pólitík. Þannig að ég var alveg feginn þegar Sigmundur var kjörinn formaður. En ég bauð mig fram því ég vildi leiða flokkinn. Eftir þetta allt saman horfi ég til baka með ánægju, það voru fjölmargir sem vildu styðja mig. Ég var þakklátur fyrir það."

Það vakti einnig athygli árið 2013 þegar Sigmundur bauð sig fram í Norðausturkjördæmi. Mörgum fannst hann með því vera að bola Höskuldi úr oddvitasætinu.

*Hvernig upplifðir þú það?* „Ég leit ekki á það þannig." Hann segir gott á milli þeirra Sigmundar. „Ég hef ekki fundið annað. En við höfum keppt um embætti. Ég hef alltaf verið reiðubúinn að vinna með honum. Hann hefur treyst mér til góðra starfa."

Hann vill halda áfram í stjórnmálum. „Mér finnst ég eiga verk eftir óunnið. Ég hef áhuga á málefnum þjóðarinnar. Við hræðumst ekki kosningar. Það er alltaf vont þegar þingi er slitið og boðað til kosninga með stuttum fyrirvara. Vont fyrir alla, ekki bara Framsókn. Það eru forsetakosningar í sumar. Það er EM í fótbolta. Ég held að þjóðin láti pólitíkina ekki taka EM frá sér," segir Höskuldur, kíminn.

**olof@frettabladid.is,**
**viktoria@frettabladid.is**

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.

**KATLA MANAGER SELECTION**
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942 - (the „SICAV")

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting of shareholders to be held at the registered office of the SICAV on 28 April 2016 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2015
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Appointment of the approved statutory auditor
6. Statutory elections

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.

**IÐNAÐAR RYK- OG BLAUTSUGUR**

**frá Pullman Ermator**
Áratuga reynsla á Íslandi!



Made in Sweden
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM 8. – 13. APRÍL.

Helena Rubinstein sérfræðingur í kremum fyrir kröfuharðar konur sem vilja aðeins það besta kynnir nýja Prodigy Reversis kremlínu og serum sem vinna gegn öldrun húðarinnar, hrukkum, fínum línum daufum litarhætti og slappri húð.

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HR VÖRUM




- **VIÐ MÆLUM MEÐ MAGIC CONCEALER HYLJARANUM** sem hylur vel og hefur þétta en létta áferð. Hann lýsir upp bauga og þreytumerki og losar um þrota umhverfis augu. Fínar línur verða síður sjáanlegar. Hann hentar vel til að hylja bauga, bólur, roða í húð, ör og húðlýti.
- **VIÐ MÆLUM MEÐ LASH QUEEN FELINE BLACKS MASKARANUM** frá Helena Rubinstein sem margar íslenskar konur kalla „Tiger maskarann“. Hann er extra svartur, þéttir og lengir augnhárin á djarfan og tælandi hátt. Helena Rubinstein er frumkvöðull og sérfræðingur í möskurum.

**VERTU VANDLÁT – VARASTU EFTIRLÍKINGAR.**

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI ÞEGAR ÞÚ KAUPIR 2 EÐA FLEIRI VÖRUR.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Lækkað verð á

# MacBook Pro Retina





Allt að 10 tíma rafhlöðuending

MacBook Pro 13"
Verð frá **249.990.-**
Verð áður **269.990.-**

MacBook Pro 15"
Verð frá **369.990.-**
Verð áður **399.9990.-**

MacBook Pro 15"
2,2GHz quad-core Intel Core i7
16GB 1866MHz
512GB PCIe flash geymsla
**(ZORF-Sérpöntun)**
Verð **439.980.-**
Verð áður **469.990.-**

VAXTALAUS EPLI
EPLI
Í ALLT AÐ 6. MÁN*



LA robe sleeve
Verð **6.990.-**



Incase SleeveSlim
Verð **8.990.-**



Incase Icon Sleeve
Verð **12.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuðum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 330 kr., við hvern gjalddaga.

# Nýr
# iPad Pro
## Nú líka 9,7"




| | |
|---|---|
| iPad Pro 9,7" | Verð frá **107.990.-** |
| iPad Pro 12,9" | Verð frá **149.990.-** |



Apple penni
Sérhannaður til notkunar með iPad Pro.
Verð **21.990.-**




Apple Smart Keyboard
Lyklaborð sérstaklega hannað fyrir iPad Pro
Verð frá **29.990.-**



iPad Silicone Case
Verð frá **12.990.-**



iPad Smart Cover
Verð frá **8.990.-**

EPLI

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

# Kosningar strax



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á ráðherraskipan í ríkisstjórnarsamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er uppi háværi krafa um enn frekari breytingar og kosningar jafnskjótt og hægt er að koma þeim við. Sú krafa er um margt skiljanleg.

Í því er engin mótsögn falin að aðhyllast viðskiptafrelsi á milli landa og vera um leið á móti starfsemi þeirri sem rekin er í svokölluðum aflandsfélögum. Eitt er nefnilega að hafa umsvif í útlöndum og annað að búa svo um hnúta að sem mest leynd hvíli yfir þeim.

Í umfjöllun Kastljóss á sunnudagskvöld, sem hluti er af umfjöllun yfir hundrað fjölmiðla víða um heim á svonefndum Panama-skjölum, kom mörgum á óvart hversu langt er gengið til að leyna upplýsingum í skattaskjólum heimsins. Lögfræðingar taka að sér að vera skráðir fyrir félögum, en raunverulegt eignarhald er vandlega dulið í baksamningum sem aldrei lita dagsins ljós.

Fátt hefur orðið um svör þegar spurt er um tilgang þessarar leyndar yfir eignarhaldi félaganna og verður ekki annað ráðið af en hún sé til að fela hluti sem ekki þola dagsins ljós og komast hjá lögbundnum skattgreiðslum. Uppspretta lekans, lögfræðistofan Mossack Fonseca í Panama, hefur verið sökuð um að koma að peningaþvætti, ólöglegri vopnasölu, stórfelldum skattsvikum og skipulagðri glæpastarfsemi. Því er áfallið mikið þegar upplýsist að nöfn Íslendinga og íslenskra stjórnmálamanna tengist stofunni.

Vandséð er að því dugi að bera fyrir sig vanþekkingu um hvernig bankamenn hafi sýslað með fjármuni þá sem um ræðir, enda kostar það eitt háar fjárhæðir að láta fela peninga með þessum hætti.

Þessi skuggi hvílir enn yfir íslensku þjóðlífi og stjórnmálum. Meira þarf til að koma en að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson færi sig úr ráðherrasæti út í þingsal og handvelji nýjan utanþingsráðherra til að taka sæti í ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar, eftirmanns hans í forsætisráðherrastól.

Forsvarsmönnum nýrrar ríkisstjórnar er tíðrætt um að hún njóti ríflegs meirihluta á þingi, en sá meirihluti er fenginn í kosningum áður en nokkurn gat grunað hvers konar uppljóstranir væru í vændum.

Fullt tilefni er til að efast um getu nýrrar ríkisstjórnar til að taka á málum sem tengjast Panamaskjölunum með trúverðugum hætti. Og raunar er skuggi ósómans sem fyrirtækinu tengist slíkur að sú staðreynd ein að stjórnmálamenn tengist þessum furðurekstri á að nægja til að þeir stígi til hliðar, í það minnsta þar til þeir hafa gert hreint fyrir sínum dyrum og sótt sér endurnýjað umboð til kjósenda sinna.

Fyrir dyrum eru vissulega mikilvæg verkefni, svo sem við losun hafta, en við úrlausn þeirra er enginn ómissandi og engin ástæða til að ætla annað en um þau geti verið sátt, annaðhvort í aðdraganda kosninga á næstu vikum eða undir forræði nýrrar ríkisstjórnar að kosningum afloknum.

**Forsvarsmönnum nýrrar ríkisstjórnar er tíðrætt um að hún njóti ríflegs meirihluta á þingi, en sá meirihluti er fenginn í kosningum áður en nokkurn gat grunað hvers konar uppljóstranir væru í vændum.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Lilja**

**„Þú verður að spyrja strákana sem stjórna Framsókn," sagði Vigdís Hauksdóttir við fréttamenn í gær – innt eftir því hvort Sigmundur Davíð yrði skuggaráðherra í nýrri ríkisstjórn. Þetta er réttmætt skot frá Vigdísi en konur hafa ekki verið áberandi á taflborði stjórnarflokkanna síðustu daga. Með nýjasta ráðherra ríkisstjórnarinnar, Lilju Alfreðsdóttur, fjölgar konum í ríkisstjórn um eina. Nú spá því margir að Lilja sé næsta stelpa til að stjórna Framsóknarflokknum. Hún væri þá önnur konan í sögu Framsóknar til að leiða flokkinn en Valgerður Sverrisdóttir var einmitt utanríkisráðherra áður en hún varð formaður Framsóknar.**

**Betra seinn en aldrei**

**Fólk beið með öndina í hálsinum eftir því að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson mætti á Bessastaði í gær til að skrifa undir afsögn sína en hann lét bíða eftir sér. Það hefði verið í anda atburðarásar síðustu daga ef Sigmundur hefði alls ekki mætt. Jafnvel hætt við að hætta við áður en það yrði of seint. En líklega hefur hann metið það svo að betra væri að vera of seinn en að vera of snemma, eins og Höskuldur Þórhallsson þingmaður í sjónvarpinu á miðvikudagskvöld.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Fyrirmyndardagurinn – atvinna fyrir alla



Gissur Pétursson
forstjóri Vinnumálastofnunar

Vinnumálastofnun stendur í dag 8. apríl fyrir skipulagningu Fyrirmyndardagsins í þriðja skiptið. Fyrirmyndardagurinn er átak þar sem leitað er til fyrirtækja og stofnana og þau beðin um að opna vinnustaði sína í einn dag fyrir heimsóknum atvinnuleitenda með skerta starfsgetu. Með því móti geta einstaklingarnir kynnst vinnustöðum og verklagi þar sem leitt getur til atvinnu síðar. Þetta hefur orðið raunin í allmörgum tilvikum í kjölfar fyrirmyndardaganna sem hafa verið haldnir og reynsla stofnunarinnar af þessu átaki því verið afar góð.

Vinnumálastofnun tók nú um síðustu áramót alfarið við yfirstjórn atvinnumála fatlaðs fólks og endurskipulagning og mótun samskiptaleiða við fyrirtækin í landinu, stofnanir ríkis og sveitarfélaga stendur nú yfir. Það er von okkar að með þessu verði þjónustan í málaflokknum skilvirkari og að fleiri komist út á vinnumarkaðinn.

Ótvírætt er lykillinn að því að ná árangri í því að auka atvinnuþátttöku þeirra, sem búa við skerta starfsgetu, að eiga góðan aðgang að vinnustöðunum í landinu. Fyrirmyndardagurinn hefur reynst góð aðferð til að styrkja þetta samstarf og fyrirtækjum sem taka þátt fer fjölgandi og framsýni þeirra og samstarfsvilja ber að þakka.

Vinnumálastofnun á í víðtæku samstarfi við systurstofnanir sínar á evrópskum vettvangi. Vikuna sem nú er að líða þ.e. 4.-8. apríl eru opinber vinnumiðlunarstofnanir í Evrópu að skipuleggja Atvinnurekendadaga þar sem stofnanirnar skipuleggja átaksverkefni sem miða að því styrkja samstarf sitt og þjónustu við fyrirtækin í sínum löndum. Vinnumálastofnun leggur Fyrirmyndardaginn undir þetta verkefni enda tilgangurinn sá sami.

Vinnumálastofnun telur að lykillinn að því að lifa innihaldsríku lífi sé að vera virkur á vinnumarkaði. Bætt atvinnuástand og aukin eftirspurn eftir vinnuafli eru kjöraðstæður til að auka þátttöku allra sem starfsgetu hafa til virkni. Þátttakendur í Fyrirmyndardeginum í dag eru að stuðla að því.

**Ótvírætt er lykillinn að því að ná árangri í því að auka atvinnuþátttöku þeirra sem búa við skerta starfsgetu að eiga góðan aðgang að vinnustöðunum í landinu.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skilaboð til Heimis og Lars

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þegar karlmenn nálgast fertugt er hætt við því að síðustu dreggjar drauma þeirra um stórafrek í íþróttum séu smám saman að gufa upp. Örfá dæmi eru til um menn sem ná umtalsverðum árangri í íþróttum á fimmtugsaldri, en þær undantekningar eru fáar. Hinn kaldi raunveruleiki er sá að tíminn leggur að velli jafnvel mestu íþróttahetjur löngu áður en þeim er sagt í tregablöndnum afmælisræðum að allt sé fertugum fært.

Eins og flestir aðrir drengir átti ég mér þann draum að verða íþróttahetja. Í mínu tilviki var þetta aldrei mjög raunsær draumur og eftir því sem leið á „feril“ minn í íþróttum varð hann stöðugt fjarstæðukenndari og mætti frekar lýsa sem órum. Undir það síðasta ætti hugtakið firring jafnvel best við.

Engu að síður get ég játað að enn eimir ögn eftir af þessari firringu. Ég leyfi mér að eiga dagdrauma um að einhver ævintýraleg röð atburða leiði til þess að kannski bara í einn dag fái ég tækifæri til þess að upplifa þessa drauma bernsku minnar.

### Óvænt tækifæri

Ein atburðarás gæti hafist með dularfullu símtali úr óþekktu númeri á miðjum degi þar sem ég sæti við vinnu:

Ég: Halló.

Óþekkt rödd: Já, halló. Er þetta Þórlindur Kjartansson?

Ég: Já. Þetta er hann.

Óþekkt rödd: Komdu sæll. Þetta er Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari og tannlæknir í Vestmannaeyjum.

Ég (undrandi): Já… komdu sæll… Helldurðu að það sé eitthvað að tönnunum í mér?

Heimir: Nei, nei. Alls ekki. Málið er að ég og Lars vorum að velta því fyrir okkur hvort þú sért nokkuð fáanlegur til þess að gefa kost á þér í landsliðið.

Ég: Ha? Nei, ég var nú bara ekkert búinn að velta því fyrir mér og það hefur aldrei nokkur maður nefnt þetta við mig. Ég hef ekkert spilað síðan í þriðja flokki – fyrir 25 árum – og ég var nú satt best að segja frekar lélegur þá. Ég er nú alveg örugglega ekkert betri núna, sennilega lélegri… Er þetta eitthvert grín?

Heimir: Nei, alls ekki. Við Lars erum nokkuð klárir á því að þetta geti bara verið mjög góð hugmynd.

Ég: Og voruð þið búnir að spá eitthvað í hvaða stöðu ég ætti að spila? Ég var nú mest settur í vinstri bakvörð.

Heimir: Já. Þú verður í marki.

Ég: Í markinu… þú segir nokkuð. Ég hef aldrei verið í marki… og Heimir, þú veist að ég er bara tæplega 170 sm hár og er ekki einu sinni viss um að ég geti stokkið upp í slána.

Heimir: Við vitum alveg nákvæmlega hvað við erum að gera. Kauptu þér markmannshanska og svo mætirðu á næstu æfingu.

### Áskorun tekið

Þegar hér er komið sögu þyrfti ég að íhuga málið en fljótlega yrði þetta augljóst. Það slær enginn hendinni á móti því að fá að taka þátt í EM-ævintýri Íslands og finna loksins einhver not fyrir eiginhandaráritunina sem ég eyddi svo miklum tíma í að æfa þegar ég var krakki.

Og hver segir að ég sé of gamall? Ég er bara tveimur árum eldri en Eiður Smári. Reyndar var hann að spila með Chelsea og Barcelona á meðan ég var að vinna sem blaðamaður og í markaðsmálum Icesave – störfum sem kröfðust ekki meira líkamlegs atgervis en þurfti til þess að slá á lyklaborð. En á móti kemur að ég hef meiðst miklu minna.

Þar að auki er alls ekkert víst að það skipti máli hvort ég get eitthvað í marki. Ef vörnin er sæmileg þá þarf ég ekki að gera neitt annað en skokka um vítateiginn og hrópa hvatningarorð til félaganna.

### Draumurinn rætist

Ég hleyp út á völlinn í Frakklandi. Í extra-small landsliðstreyju númer eitt. Tugþúsundir áhorfenda fylgjast með. Sjónvarpsmyndavélar og blaðamenn umkringja völlinn til að skrá á spjöld sögunnar viðburð þar sem ég er allt í einu orðinn miðdepill.

Það er flautað til leiks. Allt gerist einhvern veginn miklu hraðar en ég hélt. Boltinn fer hærra, leikmennirnir eru svakalega mikið að flýta sér, snertingarnar eru stuttar og fastar. Og hitt liðið er órólegt. Ekki að gefa okkur neinn séns, bara hjóla í mína menn og svo gerist það hræðilega… Þeir ná boltanum og gefa á þennan númer sjö – Cristiano Ronaldo. Fyrr en ég veit af er boltinn á háflugi yfir völlinn og stefnir eins og stjórnlaus raketta í áttina að mér. Ég reyni að hreyfa mig einhvern veginn til að vera fyrir boltanum. Stekk eins hátt og ég get en það eina sem ég finn er að ég togna í bakinu.

Ég ligg svo á jörðinni. Helmingur áhorfenda fagnar óskaplega. Hitt liðið dansar stríðsdans. Félagar mínir horfa ásökunaraugum á mig; og svo á Lars og Heimi.

Ég stend upp í örvæntingarfullri tilraun til þess að halda sjálfsvirðingu. Ég eys skömmum yfir varnarmennina. „Hvernig datt ykkur í hug að láta hann skjóta?“ Svo læt ég skipta mér út af meiddum.

### EM án mín

Sem betur fer er það svo að þegar menn eru valdir til þess að gegna mikilvægum ábyrgðarstöðum – eins og markmannsstöðunni í íslenska landsliðinu – þá má treysta því að það sé vandað til verka. Það er valið út frá því hversu líklegt það er að markmaðurinn ráði við hin örfáu erfiðu augnablik sem komið geta upp í leik hverjum, en ekki út frá því hvernig honum gengur að halda á sér hita þegar ekkert er að gera milli stanganna.

Ég vil því koma því á framfæri við Heimi og Lars að eftir alvarlega íhugun hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér í íslenska landsliðið fyrir EM í sumar.

**Sem betur fer er það svo að þegar menn eru valdir til þess að gegna mikilvægum ábyrgðarstöðum – eins og markmannsstöðunni í íslenska landsliðinu – þá má treysta því að það sé vandað til verka.**

# Hver eru stóru málin?



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Í þeirri fullkomnu upplausn sem ríkt hefur í íslenskum stjórnmálum undanfarna daga hefur stjórnmálamönnum verið tíðrætt um þau stóru mál sem þurfi að sinna. Ekki eru allir sammála um hvaða mál það séu og því full ástæða til að benda á hvaða mál þola ekki lengur bið, að mati BSRB, óháð því hvaða flokkar mynda hér ríkisstjórn.

Þannig hafa nú litið dagsins ljós tillögur um mikilvægar breytingar á lögum um fæðingarorlof. BSRB leggur þunga áherslu á að unnið verði áfram að þessum málum af krafti, og frumvarp lagt fyrir Alþingi til samþykktar sem fyrst. Engin ástæða er til annars en að ætla að góð samstaða verði um það á Alþingi að bæta stöðu nýbakaðra foreldra.

Bandalagið telur afar mikilvægt að tafarlaust verði fest í lög að greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi upp að 300 þúsund krónum á mánuði skerðist ekki. Þá þarf að hækka hámark á greiðslur í 600 þúsund krónur og lengja orlofið úr 9 mánuðum í 12.

BSRB telur einnig mikilvægt að Alþingi ljúki umfjöllun um húsnæðisfrumvörp félags- og húsnæðismálaráðherra sem fyrst. Bandalagið bindur miklar vonir við að framboð af leiguhúsnæði fyrir launafólk aukist verulega samþykki Alþingi frumvörpin.

### Meira fé í heilbrigðismálin

Bandalagið styður áform um þak á greiðslur sjúklinga fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins, þó ekki hafi verið tekin afstaða til frumvarps heilbrigðisráðherra sem hefur það að markmiði. BSRB leggst alfarið gegn gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og hvetur til þess að fallið verði frá henni sem fyrst.

Háværar krafa hefur einnig verið uppi um að stjórnvöld verji meira fé til heilbrigðismálanna. Tafarlaust þarf að létta því fjársvelti sem heilbrigðisstofnanir um allt land hafa verið í undanfarin ár. Það ætti að vera forgangsmál stjórnmálamanna úr öllum flokkum.

Þau eru víða stóru málin og vonandi að hverjir þeir sem sitja við völd hér næstu mánuði beri gæfu til að sinna þeim málum sem skipta fólkið í landinu miklu máli.

**BSRB leggst alfarið gegn gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og hvetur til þess að fallið verði frá henni sem fyrst.**


№30 2016
Listahátíð í Reykjavík
HARPA
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Hátindar á ferli Helga
San Francisco ballettinn



Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun
Styrktaraðilar
Icelandair
Arion banki
Center Hotels
Lexus
Lárusson Hönnunarstofa

# Frá Havaí í HR og svo til hjálpar Haukum

**Shanna Dacanay var ásinn uppi í erminni hjá Haukakonum í erfiðri stöðu á móti Grindavík í undanúrslitum Domino's-deildar kvenna í körfubolta. Hún er frá Honolúlú, í námi í HR og spilar nú dýrmætar mínútur í úrslitakeppninni með Haukaliðinu.**




Shanna Lei Dacanay með boltann í þriðja leik Hauka og Grindavíkur á Ásvöllum en hér sækir Grindvíkingurinn Björg Einarsdóttir að henni. Shanna átti mikinn þátt í frábærum spretti Haukaliðsins sem sprengdi upp leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** Deildarmeistarar Hauka í kvennakörfunni grófu sér djúpa holu í undanúrslitaeinvígi sínu á móti Grindavík með því að tapa tveimur fyrstu leikjunum. Það var allt annað að sjá til liðsins í síðasta leik og þar munaði miklu um innkomu 28 ára stelpu frá Havaí.

Shanna Dacanay er langt frá því að vera dæmigerður bandarískur leikmaður í íslenska körfuboltanum og í raun má deila um það hvort hún teljist hreinlega með sem slíkur. Shanna kom nefnilega ekki til Íslands til að spila körfubolta heldur til að læra meira um endurnýjanlega orku og sækja sér meistaranám í HR.

„Þetta er mjög óvænt ævintýri fyrir mig en ég er jafnframt mjög þakklát fyrir þessa reynslu,“ segir Shanna Dacanay um komu sína til Íslands.

### Þrjár vikur að átján mánuðum

„Ég kom til Íslands í júlí 2015 og var þá að elta ástríðu mína varðandi endurnýjanlega orku. Ég mætti á þriggja vikna námskeið hjá Háskólanum í Reykjavík. Ég hafði gaman af náminu, naut þess að vera á Íslandi og kunni svo vel við fólkið á Íslandi að ég greip tækifærið þegar það opnaðist möguleiki fyrir mig að vera lengur,“ sagði Shanna. Hún er í meistaranámi í sjálfbærri orkuverkfræði (e. sustainable energy engineering). „Ég er að læra allt um jarðhitaorku og Ísland er fullkominn staður fyrir það nám,“ segir Shanna.

„Þetta áttu bara að vera þrjár vikur á Íslandi en núna verða þetta átján mánuðir,“ segir Shanna. Bróðir Emil Barja, fyrirliða karlaliðs Hauka, hafði klárað sama nám og Shanna í Háskólanum í Reykjavík. „Ég forvitnaðist um það hjá honum hvort það væri einhver leið fyrir mig til að komast í körfubolta,“ segir Shanna og hann benti henni á að fara í Hauka og hafa samband við einhverja sem hét Helena. „Ég vissi ekki þá hver hún var,“ segir Shanna hlæjandi.

### Eins og fjölskylda hennar í dag

Shanna spilaði körfubolta, bæði í menntaskóla á Havaí sem og með Washington University í 3. deild háskólaboltans í Bandaríkjunum. „Við komumst í úrslitaleikinn á lokaárinu mínu en töpuðum,“ segir Shanna sem útskrifaðist árið 2009.

„Haukastelpurnar buðu mér að vera með og ég er svo þakklát fyrir að fá að vera hluti af liði á ný. Ég fæ að spila körfubolta á ný sem er íþrótt sem ég elska. Haukarnir eru eins og fjölskyldan mín í dag,“ segir Shanna. Hún þurfti samt að vera þolinmóð því hún hefur ekki fengið mikið af mínútum. „Ég mæti bara á Ásvelli og er himinlifandi með að fá að æfa með stelpunum. Ég fæ að spila körfubolta á hverjum degi og með frábærum liðsfélögum. Þessar stelpur eru orðnar góðar vinkonur mínar núna,“ segir Shanna.

### Með strætó á æfingar

Hún er bíllaus og tekur oftast strætó á æfingar. „Stundum fæ ég far á æfingar með Helenu, Pálínu eða Auði,“ segir Shanna. Hún býr á Havaí þegar hún er ekki á Íslandi og þar er fjölskylda hennar. Hún reynir að vera í samskiptum við fjölskylduna sem er hinum megin á hnettinum.

„Ég tala mikið við fjölskyldu mína en það er tíu tíma mismunur. Þegar þau er að enda daginn sinn þá er minn að byrja,“ segir Shanna sem hefur ferðast mikið um Ísland. „Ég mun alltaf getað talað vel um Ísland,“ segir Shanna.

Haukar voru 2-0 undir í einvíginu og 10-7 undir í leiknum þegar Shanna kom inn á eftir rúmlega sex mínútna leik. Þegar hún settist á bekkinn aftur var staðan orðin 26-2. Haukarnir höfðu unnið mínúturnar átta 19-2. Eftir það voru Haukarnir með örugg tök á leiknum og unnu á endanum stóran sigur

„Við urðum að spila okkar besta leik þetta kvöld ef við ætluðum að fá fleiri leiki í vetur. Ég reyndi að leggja mitt af mörkum og gera mitt besta. Ég ætlaði að vera ákveðin og spila smitandi vörn. Ég hef reynslu frá ferli mínum og reyni að minna þessar ungu stelpur á hvað þær geta gert,“ segir Shanna.

### Mamman sú jákvæðasta

Þjálfari og leikmenn liðsins segja Shönnu koma með mjög jákvæða strauma inn í liðið. „Ég reyni alltaf að vera jákvæð og ég lærði það af mömmu minni. Hún er jákvæðasta manneskja sem ég þekki,“ segir Shanna af einlægni.

Haukar eru enn undir í einvíginu og verða að vinna í Grindavík í kvöld ef þær ætla að fá oddaleik og sleppa við sumarfrí. Góð innkoma Shönnu í síðasta leik ætti að kalla á fleiri mínútur í framhaldinu.

„Það er ekkert öruggt að ég fái að spila meira í næsta leik en ég verð tilbúin ef það er þörf fyrir mig. Ég mun gefa allt mitt eins og síðast,“ segir Shanna.

„Það yrði stórkostlegt að vinna Íslandsmeistaratitilinn með liðinu en það er löng leið eftir og eins og staðan er núna þá erum við bara öruggar með að fá einn leik til viðbótar. Við ætlum að undirbúa okkur eins vel og hægt er og spila með hjartanu á morgun (í kvöld). Ég hef trú á þessu liði,“ segir Shanna að lokum. Leikur Grindavíkur og Hauka hefst klukkan 19.15 í Grindavík í kvöld.

ooj@frettabladid.is

## Jákvæðasta og lífsglaðasta stelpa sem maður kynnist

Ingvar Þór Guðjónsson, þjálfari Haukaliðsins, er ánægður með Shönnu sem hefur verið í kringum Haukaliðið frá því síðasta haust. Shanna fékk ekki keppnisleyfi fyrr en um áramót en þá voru Haukarnir búnir að semja við Chelsie Schweers.

„Hún var ekki með leikheimild fyrir áramót. Um leið og karlaliðið skiptir um Kana og við tókum Chelsie þá datt hennar leikheimild inn. Hún hafði því takmarkaðar mínútur á meðan Chelsea var með okkur. Hún er fyrst og fremst hér á landi af því að hún er í meistaranámi í HR,“ sagði Ingvar. Haukar létu Chelsea fara og fengu sér ekki annan bandarískan atvinnumann. Shanna kom þó ekki strax inn í Haukaliðið af fullum krafti.

„Eftir að Chelsea fór þá fór hún í smá ferðalag og var að gera einhverja auglýsingu fyrir 66°Norður uppi á Langjökli. Svo kom hún inn og er búin að vera á fullu með okkur,“ segir Ingvar og hann hrósar henni mikið.

„Hún er ofboðslega vel liðin innan liðsins og þessi stelpa er alveg yndisleg. Þetta er jákvæðasta og lífsglaðasta stelpa sem maður kynnist. Það er frábært að fá slíkan leikmann inn í liðið og hún var frábær í síðasta leik. Þetta er stórkostlegur karakter,“ segir Ingvar.

> Ég fæ að spila körfubolta á hverjum degi og með frábærum liðsfélögum. Þessar stelpur eru orðnar góðar vinkonur mínar núna.
>
> Shanna Dacanay, leikmaður Hauka

## Nýjast

**Evrópudeild, 8 liða úrslit**

**Dortmund - Liverpool 1-1**
0-1 Divock Origi (36.), 1-1 Mats Hummels (48.).
*Þetta var fyrri leikur liðanna.*

**Braga - Shaktar 1-2**
0-1 Yaroslav Rakitskyi (44.), 0-2 Facundo Ferreyra (75.), 1-2 Wilson Eduardo (89.).
*Þetta var fyrri leikur liðanna.*

**Villarreal - Sparta Prag 2-1**
1-0 Cedric Bakambu (3.), 1-1 Jakub Brabec (45.+4), 2-1 Cedric Bakambu (63.)..
*Þetta var fyrri leikur liðanna.*

**Athletic - Sevilla 1-2**
1-0 Aduriz (47.), 1-1 Timothee Kolodziejczak (56.), 1-2 Vicente Iborra (83.).
*Þetta var fyrri leikur liðanna.*

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

**Njarðvík - KR 88-86**
**Njarðvík:** Haukur Helgi Pálsson 27/6 fráköst, Logi Gunnarsson 23/4 fráköst/5 stoðsendingar, Maciej Stanislav Baginski 19, Ólafur Helgi Jónsson 7, Oddur Rúnar Kristjánsson 5/7 stoðsendingar, Jeremy Martez Atkinson 5/8 fráköst/5 stoðsendingar, Hjörtur Hrafn Einarsson 2.
**KR:** Darri Hilmarsson 28/9 fráköst, Pavel Ermolinskij 17/12 fráköst/5 stoðsendingar, Michael Craion 15/7 fráköst, Snorri Hrafnkelsson 10/4 fráköst, Helgi Már Magnússon 7/7 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 6/5 stoðsendingar, Björn Kristjánsson 3.
*Staðan í einvíginu er 1-1.*

### FRÁBÆR VIÐURKENNING

Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska karlalandsliðsins í handbolta, og Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins, voru í gær útnefndir þjálfarar ársins 2015.

Frá þessu er greint á heimasíðu Alþjóðahandknattleikssambandsins en þetta eru úrslit úr kosningu sérfræðingahóps, fjölmiðla og þúsunda atkvæða handboltaáhugamanna.

Dagur, sem gerði ungt og meiðslum hrjáð þýskt landslið óvænt að Evrópumeisturum í janúar, fékk 59,1 prósent atkvæða og var langt á undan Norðmanninum Christian Berge, þjálfara Noregs, sem varð annar í kosningunni með 29,8 prósent atkvæða.

Þórir, sem gerði norsku stelpurnar að heimsmeisturum í desember á síðasta ári, varð hlutskarpastur í kosningunni í fjórða sinnið, en hann vann einnig árin 2011, 2012 og 2014.




Þórir fékk 48,8 prósent atkvæða og var rétt á undan Henk Groener, þjálfara hollenska landsliðsins sem spilaði úrslitaleikinn á móti Noregi á heimsmeistaramótinu.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.50** | **Fylkir - KR** | Sport 3 |
| **19.00** | **Masters** | Golfstöðin |
| **19.00** | **Tölt og flugskeið** | Sport |
| **19.10** | **Grindavík - Haukar** | Sport 2 |
| **00.30** | **Dallas - Memphis** | Sport |

**Dominos-deild kvenna**
**19.15** **Grindavík - Haukar**

**Lengjubikar karla**

| | | |
|---|---|---|
| **18.00** | **Fylkir - KR** | Valsvöllur |
| **19.00** | **Keflavík - FH** | Reykjanesh. |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

8. APRÍL 2016 FÖSTUDAGUR


Lífsstíll



# SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN

Það er aldrei lognmolla í kringum tónlistarmanninn **Barða Jóhannsson.** Í síðustu viku kom út fyrsta breiðskífa Starwalker og hann hóf störf á skrifstofu, sem er algjörlega nýtt fyrir honum. Frekari tónsmíðar eru á dagskrá og góðar samverustundir með dótturinni.

FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/ JEANEEN LUND


VILTU HRÖKKVA Í GÍRINN?

Þeir sem hugsa um hollustuna velja BURGER hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Það er líka einstaklega bragðgott!

Það er engin tilviljun að BURGER er vinsælasta hrökkbrauðið á Íslandi.








BURGER

HUGSAÐU UM HOLLUSTUNA!

## MYNDAALBÚMIÐ



**JB (til vinstri) er annar meðlima frönsku hljómsveitarinnar Air sem nýtur mikilla vinsælda og virðingar um allan heim.** MYND/GETTY



**Starwalker gaf út fyrstu plötu sína í síðustu viku sem hefur fengið góða dóma víða um heim.** MYND/TAKI BIBELAS










**Einu tónleikar Starwalker hingað til voru á Sónar Reykjavík árið 2014. Barði var „gríðarlega ánægður“ með útkomuna.** MYND/ANTON ALBERT EGGERTSSON, SÓNAR REYKJAVÍK.

» Það er annasamur tími fram undan hjá tónlistarmanninum og ólíkindatólinu Barða Jóhannssyni. Í síðustu viku kom út fyrsta breiðskífa hljómsveitarinnar Starwalker sem hann skipar ásamt Jean-Benoît Dunckel, öðrum meðlimi hljómsveitarinnar goðsagnarkenndu Air. Í vikunni tókst hann líka á við algjörlega nýtt verkefni í lífi sínu; að vinna hefðbundið skrifstofustarf er hann hóf störf sem verkefnastjóri á markaðssviði Íslandshótela. Frekari tónsmíðar eru svo alltaf á dagskránni tengdar ýmsum ólíkum verkefnum og svo dýrmætar stundir með dótturinni sem er sjö ára.

### FJÖLBREYTTIR DAGAR

Spurður um nýjan starfsvettvang segist hann hafa fundið fyrir nokkrum mánuðum þörf til að gera eitthvað nýtt og spennandi, þar sem hann gæti bæði notað að hluta reynslu sína en á sama tíma tekist á við ný og krefjandi viðfangsefni. „Ég hef síðustu 18 árin unnið óhefðbundna vinnu frá 11 á morgnana til fjögur um nóttina. Þetta voru oft fjölbreyttir dagar enda sautján tíma vinnudagar. Stundum vann ég sem listamaður, stundum sem útgefandi en síðustu ár hefur töluverður tími farið í umsýslu og markaðsmál auk tónlistarinnar sjálfrar. Ég hef verið meira og minna að kynna tónlist og Ísland hálfa ævina, verið í mörgum stærstu blöðum heims og unnið með markaðsfyrirtækjum víða. Mig langaði einfaldlega að opna sjóndeildarhringinn og fá víðtækari reynslu.“

### FENGIÐ GÓÐA DÓMA

Fyrsta breiðskífa Starwalker kom út í síðustu viku og hefur nú þegar fengið góða dóma víða um heim. Nokkur ár eru síðan samstarf þeirra JB (eins og Jean-Benoît Dunckel er yfirleitt kallaður) hófst sem í fyrstu átti bara að vera eitt lag en endaði þremur árum síðar með breiðskífu. „Það eru reyndar mörg ár síðan við hittumst fyrst og tókum spjall saman. Það var á tónlistarhátíð sem við spiluðum báðir á, ég með Bang Gang og hann með Air. Síðar spilaði ég á undan þeim á tónleikum í Salle Playel í París. Eftir báða tónleikana áttum við spjall og gerðum grín.“

Nokkru síðar stakk sameiginleg vinkona þeirra upp á því að þeir myndum hittast í kaffi. „Við ákváðum að prófa að semja saman eitt lag og sjá hvað kæmi út úr því. Fyrsta lagið sem við töldum í var Bad Weather og við gáfum það út á smáskífu í október 2013. Lagið endaði líka á nýju plötunni þannig að segja má að stóra platan sýni Starwalker frá fæðingu til dagsins í dag.“

### LÍÐUR BEST Í HLJÓÐVERI

Þrátt fyrir prýðilega dóma hafa þeir félagar ekki ákveðið neina tónleika á næstunni. Raunar segir Barði þá ekki vera að leita eftir því enda kunni þeir best við sig í hljóðveri. „Einu tónleikarnir sem Starwalker hefur haldið voru á Sonar hátíðinni á Íslandi árið 2014. Það var frábærir tónleikar og við vorum gríðarlega ánægðir með útkomuna. Ef okkur verður boðið að spila á stórum tónleikum munum við líklega gera það en við höfum ekki áhuga á að spila á smærri stöðum.“

Meðlimir Starwalker eru auk þess nokkuð uppteknir næstu mánuði. JB er á leið í stóra tónleikaferð með Air í sumar og Barði mun m.a. spila með Bang Gang á Secret Solstice hátíðinni sem fer fram í Reykjavík í júní. „Svo á að flytja tónlist mína við sænsku kvikmyndina Häxan með sinfóníuhljómsveit á Transylvania Filmfestival í Rúmeníu en myndin er frá árinu 1922.“

### FRÆGUR SAMSTARFSMAÐUR

Það er ekki á hverjum degi sem íslenskur listamaður starfar með jafn þekktum tónlistarmanni og JB. Air hefur selt milljónir platna og nýtur mikilla vinsælda og virðingar víða um heim. Þrátt fyrir það hefur verið furðu hljótt um samstarf þeirra í fjölmiðlum hérlendis en Barði heldur sinni alþekktu ró. „Umfjöllun um tónlist er almennt of lítil í fjölmiðlum hér heima. Sem er skrýtið því ég held að 99% landsmanna hlusti á tónlist beint eða óbeint stóran hluta dagsins. Það er samt ekki mitt að segja öðrum hvað þeir eigi að skrifa um, frekar en þeir ættu að segja mér hvernig ég ætti að semja tónlist.“

### MARGT Í PÍPUNUM

Það er sjaldnast lognmolla kringum Barða enda fjölmörg ólík verkefni sem liggja eftir hann. „Síðustu árin hef ég náð að gera nær allt sem mig langaði til. Gefið út undir merkjum Bang Gang, samið óperu og klassíska tónlist, samið tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir og sjónvarpsþætti og gert bæði útvarps- og sjónvarpsþætti. Þar að auki hef unnið með mörgum þeirra listamanna sem mig hefur langað að vinna með, listamönnum á borð við JB úr Air, M83, Keren Ann, Helen Marnie úr Ladytron og fleirum.“

Hann segist einnig vera vel á veg kominn með verk sem blandar saman ambient, raftónlist og klassík sem kemur út á næstunni. „Ég er búinn að koma útgáfumálum mínum þannig fyrir að það er einfalt fyrir mig að gefa út nýtt efni þegar það verður til. Ég get alveg lofað því að nýjar plötur með Bang Gang og Starwalker munu koma en hvenær það verður, er vandi að spá.“

### VILL VERA Á ÍSLANDI

Ólíkt því sem margir halda er Barði búsettur hér á landi stærstan hluta ársins þrátt fyrir að starfa með fjölda erlendra listamanna. „Það hefði verið best fyrir ferilinn að búa erlendis og stækka þannig kökuna. Tónlistin mín hefur skilað Íslendingum beinum og óbeinum gjaldeyri í yfir 18 ár. Ég fæ hins vegar alltaf mikla heimþrá eftir 1-2 mánaða dvöl erlendis. Svo á ég dóttur hér heima þannig að það er ekki í boði að flytja út eða ferðast í lengri tíma því ég myndi aldrei vilja missa af þeim dýrmæta tíma sem ég fæ með henni.“

Auk þess elskar hann íslenska náttúru. „Mér finnst gaman að hafa bjart á sumrin og dimmt yfir veturinn. Veðrið er fjölbreytilegt, Íslendingar eru hressandi og 20 prósent af þeim eru jafnvel með góðan húmor. Mér finnst gaman að fá útlendinga í heimsókn og líka að fara í stuttar ferðir til útlanda. Mér finnst Evrópa fín, svo er frábært að spila í Kína, fólkið þar er frábært og líka í Bandaríkjunum. Allt hefur sinn sjarma.“

Hægt er að hlusta á nýju plötu Starwalker á Spotify og Soundcloud. Nánari upplýsingar og myndbönd má m.a. finna á starwalkermusic.com, Facebook (Starwalkermusic), Twitter (Starwalkerband) og YouTube-rásinni StarwalkerVEVO.



Fylgstu með á Facebook
#LindexIceland
Kjóll,
11 515,-
Sienna Miller
LINDEX
we make fashion feel good

# SAFARÍKUR SKYNDIBITI EVU

Eva Laufey Hermannsdóttir gaf girnilegar uppskriftir að skyndibita í þætti sínum í gær. Þar má nefna pönnupitsu með jalapeño-osti og sveppum, borgara með „pulled pork“ og geggjaðan mjólkurhristing með Oreo-kexkökum.

Matargleði

Evu Laufeyjar Hermannsdóttur



### PÖNNUPITSA MEÐ JALAPEÑO-OSTI OG SVEPPUM

**Pitsubotn**

**240 ml volgt vatn (mikilvægt að vatnið sé volgt)**
**2½ tsk. þurrger**
**1 msk. hunang**
**400-450 g brauðhveiti**
**1 tsk. salt**
**2 msk. olía**

Blandið volgu vatni, geri og hunangi saman í skál.

Leggið viskustykki yfir skálina og leyfið gerinu að leysast upp í rólegheitum, eða í 7-10 mínútur. Um leið og það byrjar að freyða í skálinni er gerblandan tilbúin.

Hellið gerblöndunni í hrærivélarskál og bætið öllum hráefnum saman við, það er góð regla að bæta hveitinu smám saman við. Það gæti þurft minna en meira af hveitinu.

Látið hnoðast í vélinni í 6-10 mínútur eða þar til deigið er orðið í laginu eins og kúla, einnig á það ekki að vera klístrað.

Setjið viskustykki yfir hrærivélarskálina og leyfið deiginu að hefast í klukkustund eða þar til það hefur tvöfaldast að stærð.

Fletjið deigið út, þetta deig dugar í tvær pitsur.

Hitið smávegis af olíu á pönnu, passið að pannan sé mjög heit þegar þið setjið deigið á pönnuna. Steikið pitsubotninn á pönnunni í nokkrar mínútur eða þar til botninn er orðinn stökkur, bætið þá kjúklingnum ofan á og sáldrið ferskum mozzarella osti yfir.

Bakið í ofni við 200°C í 5-7 mínútur eða þar til osturinn er gullinbrúnn.

**Fylling**

**1 dós sýrður rjómi**
**1 jalepeño-ostur**
**1 hvítlauksrif**
**Salt og nýmalaður pipar**
**200 g sveppir steiktir upp úr smjöri og hvítlauk**
**Hægeldaðir tómatar**
**Smátt söxuð steinselja**

Fletjið út pitsudeigið og leggið á pappírsklædda ofnplötu. Rífið niður jalepeño-ostinn og hrærið saman við sýrða rjómann, pressið hvítlauksrifið og blandið saman við. Kryddið til með salti og pipar. Smyrjið ostablöndunni á botninn. Steikið sveppina upp úr smjöri og pressið eitt hvítlauksrif út í pottinn, þerrið sveppina vel áður en þið setjið þá á pitsuna. Bakið við 220°C í 10-12 mínútur. Ofnar eru auðvitað misjafnir og það gæti verið að þið þurfið að baka hana lengur en pitsan er klár þegar hún er gullinbrún. Það er mjög gott að setja hægeldaða tómata og smátt saxaða steinselju yfir pitsuna í lokin.



Rauði liturinn frá hægelduðu tómötunum og sá græni frá steinseljunni gerir pönnupitsuna virkilega fallega.

### OREO-MJÓLKURHRISTINGUR

**1/2 l eða 4 dl vanilluís**
**2 dl nýmjólk**
**Oreo-kexkökur, magn eftir smekk**
**Rjómi**

Setjið allt í blandarann og maukið þar til ísblandan verður silkimjúk. Þið stjórnið þykktinni að sjálfsögðu með mjólkinni. Þeytið rjóma eða það sem betra er notið rjómasprautu og sprautið smá rjóma yfir í lokin.



Borgari með pulled pork í BBQ-sósu og með pikkluðum rauðlauk.

### „PULLED PORK“ Í BBQ-SÓSU

**700-800 g úrbeinaður svínahnakki**
**1 tsk. paprikukrydd**
**1 tsk. cumin-krydd**
**1 tsk. Bezt á allt krydd**
**Salt og pipar**
**1 laukur**
**2 hvítlauksrif**
**1 msk. ólífuolía**

Kryddið kjötið með kryddinu sem talið er upp hér að ofan. Brúnið kjötið á öllum hliðum upp úr ólífuolíu í víðum potti sem má fara inn í ofn. Skerið niður einn lauk og bætið honum út í pottinn ásamt tveimur hvítlauksrifjum. Leyfið kjötinu að malla í pottinum við vægan hita á meðan þið útbúið BBQ-sósuna.

**BBQ-sósa**

**1 msk. ólífuolía**
**1 laukur**
**1½ dl tómatasósa**
**1-2 msk. balsamikgljái**
**1 msk. hunang**
**Salt og pipar**
**1 tsk. paprikukrydd**
**1 tsk. cumin-krydd**

Saxið niður laukinn og steikið upp úr olíunni í eina til tvær mínútur. Bætið því næst hinum hráefnunum saman við og leyfið sósunni að malla í smástund. Hellið síðan sósunni yfir svínakjötið og setjið lokið á pottinn og inn í ofn við 110°C í 6-8 klst. Berið svínakjötið fram í góðu brauði, með salati og pikkluðum rauðlauk.



Þeir gerast vart girnilegri en þessi Oreo-mjólkurhristingur.

**Pikklaður rauðlaukur**

**1 rauðlaukur**
**1 dl hvítvínsedik**
**1 msk. sykur**

Skerið rauðlauk í jafn stórar sneiðar, setjið í krukku eða skál og hellið hvítvínsediki og sykri saman við. Blandið vel saman og geymið í kæli í lágmark klukkustund.




Hinsti vilji

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is






# FAGMENN SS SKARA FRAM ÚR

**Kjötiðnaðarmenn SS stóðu sig frábærlega í Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem fór fram 10. og 11. mars.**

- Jón Þorsteinsson varði titilinn „**Kjötmeistari Íslands**“, auk þess að fá verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr svínakjöti og bestu vöruna í flokknum sælkeravörur.
- Björgvin Bjarnason fékk verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr alifuglakjöti.
- Steinar Þórarinsson fékk verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr hrossa- eða folaldakjöti.

Við hjá SS erum afskaplega stolt af því að hafa slíka fagmenn í röðum okkar og óskum þeim öllum innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.

# BYLTINGARKENNDUR TVEGGJA LAGA MASKI FRÁ ESTÉE LAUDER

**Estée Lauder kynnir** Snyrtivöruframleiðandinn Estée Lauder er frumkvöðull þegar kemur að húðvörum sem notaðar eru á kvöldin. Nýverið kom á markað tveggja laga maski úr álpappír og bómull sem er sá fyrsti sinnar tegundar. Með háþróaðri viðgerðartækni gerir hann við húðina innan frá og veitir henni samstundis ljóma og heilsusamlegt útlit.

„Estée Lauder hefur fundið leið til að ná fram því alla besta í andlitsmaska með byltingarkenndri hönnun sem sameinast í einni vöru. Maskinn, sem hefur fengið nafnið Advanced Night Repair PowerFoil Mask, er sá fyrsti sinnar tegundar en hann er hannaður með sérstakri tveggja laga blöndu af álpappír og bómull," segir Iðunn Jónasardóttir, sölustjóri Estée Lauder.

„Bómullin á innri hliðinni inniheldur hina einstöku Advanced Night Repair viðgerðar-formúlu og tvöfaldan skammt af Hyaluronic-sýru sem gerir við húðina innan frá, hreinsar hana af mengun og öðru áreiti dagsins auk þess að gefa húðinni aukinn raka. Ytri hliðin á maskanum, sem er sérhönnuð álpappírsformúla, sér um að innri hliðin nái 25 sinnum fljótari virkni sem gerir það að verkum að húðin öðlast samstundis ljóma og heilsusamlegt útlit. Álpappírinn lokar með öðrum orðum Advanced Night Repair formúluna inni svo hún gufi ekki upp frá bómullinni og út í andrúmsloftið. Hann þvingar hana auk þess dýpra inn í húðina," útskýrir Iðunn.



» Hver pakki er hugsaður sem mánaðarskammtur og inniheldur fjögur umslög af maskanum sem mælt er með að nota einu sinni í viku að kvöldi. Maskann má þó líka nota endrum og sinnum þegar hentar og húðin þarf auka ljóma.

Hver pakki er að sögn Iðunnar hugsaður sem mánaðarskammtur og inniheldur fjögur umslög af maskanum sem mælt er með því að nota einu sinni í viku að kvöldi. „Maskann má þó líka nota endrum og sinnum þegar hentar og húðin þarf auka búst. Á aðeins tíu mínútum endurnærist hún og er betur búin undir vikuna fram undan," segir Iðunn og bendir á að maskinn er á leiðinni á alla helstu útsölustaði Estée Lauder í þessum töluðu orðum.



**Bómullin á innri hliðinni inniheldur Advanced Night Repair formúluna og tvöfaldan skammt af hyaluronic-sýru sem gerir við húðina innan frá. Álpappírinn sér til þess að innri hliðin nái 25 sinnum fljótari virkni. Hann varnar því að formúlan gufar upp og þvingar hana dýpra inn í húðina.**

# NETIÐ VINSÆLT Í HEILSURÆKTINNI

Marga langar að breyta um lífsstíl og drífa sig upp úr sófanum þegar vorar. Sólin hækkar á lofti og fiðringurinn gerir vart við sig. Meðal þess sem er vinsælt núna með vorinu eru gamaldags æfingar í stíl Jane Fonda eða „Back to basic". Jafnframt kemur netið sterkt inn.

Linda Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hress, segir að jóga og hjólatímar séu á mikilli uppleið. „Fólk sem hjólar utandyra er líka innandyra. Við erum að fá ný rafræn mælitæki á hjólin svo fólk getur fylgst með púlsi og árangri í tímanum. Það er mjög hvetjandi og skemmtileg nýjung. Lífgar upp á hjólaferðina. Þetta er nýjung þar sem öpp og tenging við netheima er greið," segir Linda. „Jóga er frábær leið til að kyrra hugann, slökkva á símanum og koma líkamanum í gott form."

Linda segir það rétt að gömlu góðu æfingarnar séu vinsælar um þessar mundir. „Við bjóðum upp á æfingar í sal sem heita warm fit. Salurinn er volgur og við gerum allar gömlu og góðu æfingarnar án hjálpartækja og blöndum saman við þær þeim allra nýjustu. Það er ótrúlega áhrifaríkt að stunda þessar æfingar með teygjum og síðan slökun. Heildræn uppbygging fyrir líkamann. Heitir tímar eru rosalega góðir fyrir húðina og þetta hafa verið vinsælustu tímarnir okkar. Margir vilja stunda alls konar líkamsrækt og breyta gjarnan til með því að stunda warm fit einn daginn en fara svo aðra daga í body pump, þar sem æfðar eru lyftingar með lóðum, eða spinning. Það er gott að breyta til og stundum að „sjokkera" líkamann."

> Ég er með viðskiptavini yfir áttrætt í aðdáanlega góðu formi. Í mínum huga er hreyfing lífsspursmál og það er aldrei of seint að byrja.
>
> Linda Hilmarsdóttir

Linda hefur rekið Hress í tæp þrjátíu ár og margir viðskiptavinir hafa fylgt stöðinni alla tíð. „Sumir okkar kúnna hafa elst með stöðinni og eru í hörkuformi. Fólk sem stundar heilsurækt reglulega og eldist mjög vel. Það er hægt að þjálfa líkamann eftir því sem manni finnst skemmtilegast því það eru svo margar kostir í boði. Maður nær miklu valdi yfir líkama sínum með reglulegri hreyfingu. Ég er með viðskiptavini yfir áttrætt í aðdáanlega góðu formi. Í mínum huga er hreyfing lífsspursmál og það er aldrei of seint að byrja. Fyrir þá sem vilja bæta sig fyrir sumarið er mjög góður tími að byrja núna þegar margir eru að fara í sumarfrí og rólegra er í stöðinni en um hávetur. Ég hvet alla til að fara út úr þægindarammanum og finna sér tíma í heilsurækt. Það er reyndar búið að taka líkamsrækt út úr orðabókinni og heitir núna heilsurækt. Líkamsrækt er svo miklu meira en að vera í góðu formi, hún skiptir miklu máli fyrir heilsuna."

Önnur nýjung í ræktinni er snjallúr, segir Linda. „Mjög margir eru með slík úr til að fylgjast með árangri sínum. „Úrið fylgist með svefni og hreyfingu. Það lætur vita ef maður þarf að hreyfa sig meira og þess háttar. Mjög skemmtilegt og hvetjandi tæki," segir Linda. „Snjallúr hlýtur að vera jólagjöfin næstu jól."

**elin@365.is**



**Linda Hilmarsdóttir segir að þeir sem hjóla utandyra geri það einnig innandyra.**
MYND/STEFÁN


VIÐ FÖRUM SKREFINU LENGRA
Kynnum The Lifting Eye Serum
Lúxus lyfting frá La Mer. Samtvinnun kraftaverkaseyðisins Miracle Broth™ sem endurnýjar húðfrumur og nýju Stretch Matrix formúlunnar. Serumið byggir upp heildarmynd augnsvæðisins. Yngra útlit og aukin lyfting.
LA MER
des yeux
LA MER
SIGURBOGINN LAUGAVEGI · SNYRTISTOFAN JÓNA HAMRABORG

# HEFUR ÁSTRÍÐU FYRIR HÖNNUN

Sumarlegur kjóll og stígvél eru meðal þess sem er í uppáhaldi hjá **Svönu Lovísu Kristjánsdóttur.** Hún sýnir hér eftirlætin sín.



Stígvélin frá Aigle segir Svana að gangi við flest. „Ég get líka hoppað í polla með syni mínum í þeim.“


Svana vinnur að nokkrum verkefnum þessa dagana í tengslum bloggið Svart á hvítu á Trendneti. Í bakgrunni má sjá fallega Scintilla-plakatið. MYND/ANTON BRINK

Svana Lovísa Kristjánsdóttir vöruhönnuður hefur mikla ástríðu fyrir hönnun og segist vera afskaplega sátt við að vinnan hennar sé líka áhugamálið. „Ég menntaði mig sem vöruhönnuður fyrir nokkrum árum frá Design Academy Eindhoven og Listaháskóla Íslands en hef síðan þá starfað sem bloggari og blaðamaður með áherslu á hönnun og heimili,“ segir hún og brosir.

Svana deilir hér með lesendum þeim hlutum sem eru í uppáhaldi hjá henni. Fyrst nefnir hún eftirlætishlutina á heimilinu en þá segir hún vera nokkra og þá helst Scintilla-plakatið. „Mér þykir það alltaf jafn fallegt og lýsir það mínum stíl alveg hundrað prósent. Í uppáhaldi er líka B&O þráðlausi hátalarinn sem er í notkun á hverjum einasta degi.“

Uppáhaldsflík Svönu er blár og sumarlegur kjóll frá Júniform sem kærastinn hennar valdi og gaf henni í afmælisgjöf fyrir nokkrum árum. „Kjóllinn hefur verið mikið notaður við fínni tilefni og er fullkominn á sumrin. Veskið mitt frá Day Birger et Mikkelsen er í uppáhaldi um þessar mundir og því í mikilli notkun. Og skórnir sem eru í mestu uppáhaldi þessa dagana eru nýjasta viðbótin við safnið, stígvél frá Aigle sem ég fékk í Farmers Market. Þau ganga við flest allt dagsdaglega og ég get líka ég hoppað í polla með syni mínum í þeim,“ segir Svana kankvís á svip.


Saint Laurent gleraugun og Octagon menið látlausa.

Hún segist sjaldan nota skartgripi eftir að hún eignaðist gleraugu frá Saint Laurent sem eru með gylltum örmum. „Þegar ég er með þau finnst mér ég vera of mikið skreytt ef ég set upp annað skart. Það væri helst Octagon-menið sem vinkona mín Thelma Rún hannaði og gaf mér, það er svo látlaust.“

Svana segist vera ein af þeim sem varla geta verið án snyrtivara. „Ég fer varla ómáluð út úr húsi og gæti því ómögulega verið án maskara, ljómapenna (baugafela) og augnhárabrettara. Mér þætti einnig afskaplega leiðinlegt ef ég þyrfti að vera án ilmvatnsins Bronze Goddess frá Estée Lauder. Flestar mínar uppáhaldssnyrtivörur eru frá ódýrari merkjum sem hentar buddunni minni afskaplega vel.“


Snyrtivörurnar sem Svana gæti síst verið án; maskari, baugafelari, augnhárabrettari auk ilmvatnsins Bronze Goddess frá Estée Lauder.


Veskið frá Day Birger et Mikkelsen er mikið notað þessa dagana.



Þráðlausi B&O hátalarinn sem er í notkun á hverjum degi á heimili Svönu.


Blái, sumarlegi kjóllinn er eftirlætisflík Svönu.





Viltu taka til í holdafarinu og komast í form?

Síðustu TT námskeið vetrarins fyrir stelpur og konur að hefjast! *Innritun stendur yfir*

**TT-1** námskeiðin okkar fyrir konur fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsrækt, sjálfsstyrkingu, fundi, vigtun og mælingar. Þessi sívinsælu námskeið hafa margsannað ágæti sitt og reynst konum afburðavel til að ná markmiðum sínum. Við bjóðum hvorki skyndilausnir né sveltikúra, heldur raunhæfar leiðir til að lifa góðu lífi.

**TT-3** námskeiðin okkar eru fyrir 16-25 ára stelpur. Þetta eru sérsniðin lífsstílsnámskeið fyrir þær sem vilja taka mataræðið í gegn og komast í gott form. Við byggjum námskeiðin á áralangri reynslu af því að kenna ungmennum líkamsburð og listdans ásamt þekkingunni sem við höfum byggt upp af því að veita konum sambærilega þjónustu í gegnum tíðina.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa




319 kr/stk
verð áður 399

**Goodfella´s hvítlauksbrauð**
Tilbúið beint í ofninn.

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa




419 kr/pk
verð áður 599

**McCain franskar**
Orginal og Crinkle Cut.




**Sacla pestó og pastasósur**
Ítalskur matur í kvöld?




**Black lakkrísduft**
Gott á ísinn og í baksturinn.




**Häagen-Dazs ís**
Hver er þinn uppáhalds?



## GUY FIERI MARINERINGAR OG SÓSUR

GRILLAÐU MEÐ MEISTARA
GUY FIERI




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg
24 Hagkaup



Holta KJÚKLINGUR

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUR
2.024 kr/kg
verð áður 2.699

*Að hætti Eyþórs*
matgæðingur Hagkaups
og sjónvarpskokkur

## BAKAÐIR KJÚKLINGABRINGUBITAR HJÚPAÐIR Í NACHOS MEÐ SALSAKARTÖFLUMÚS, SVEPPUM, RAUÐLAUK OG KRYDDJURTARJÓMAOSTI

***Salsakartöflumús***
4 stk bakaðar kartöflur
(bakaðar í 1 klst við 200°C)
1 peli rjómi
5 msk salsasósa
sjávarsalt

Setjið allt hráefnið saman í pott og sjóðið í 5 mín og blandið vel saman. Smyrjið svo öllu saman í botninn á eldföstu móti.

***Kjúklingabringur í nachoshjúp***
3 stk kjúklingabingur
1 poki Doritos
2 egg
100 gr hveiti
1 stk rauðlaukur
1 box sveppir
1 box kryddjurtarjómaostur

Skerið hverja kjúklingabringu í 8-10 bita og veltið upp úr hveitinu og þar næst eggjunum. Brjótið doritosið fínt niður í höndunum og setjið bitana ofan í það og veltið þeim vel upp úr því þar til þeir eru allir orðnir hjúpaðir. Skerið rauðlaukinn og sveppina gróft niður og steikið á pönnu þar til að hvoru tveggja er orðið mjúkt. Setjið sveppina og rauðlaukinn ofan á kartöflumúsina og svo kjúklingabitana. Endið á að dreifa kryddjurtarjómaostinum yfir allan réttinn og setið hann inn í 180°C heitan ofninn í 40 mín.

ÍSFUGL



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KALKÚNALUNDIR
2.395 kr/kg
verð áður 3.422

ÍSLANDS LAMB *Stolt kjötmeistarans*



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

LAMBAFILE
3.734 kr/kg
verð áður 4.667

ÍSLANDS LAMB *Stolt kjötmeistarans*



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBAPRIME
3.299 kr/kg
verð áður 4.399

Holta KJÚKLINGUR



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-VÆNGIR
312 kr/kg
verð áður 445

Holta KJÚKLINGUR



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-LEGGIR
699 kr/kg
verð áður 999



## SPÆNSK HANDSKORIN IBERICO OG MANGALICA HRÁSKINKA




TILBOÐ 40% afsláttur á kassa

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
HARDCORE HENRY
DRAMATÍSK GAMANMYND BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK
MAÐUR SEM HEITIR OVE
FORELDRBÍÓ
THE BOSS FÖSTUDAGINN 15. APRÍL KL. 12 Í SMÁRABÍÓI
Ópera í beinni
LUCIA DI LAMMERMOOR
24. apríl í Háskólabíói
FORSALA HAFIN
DEADPOOL
REYKJAVÍK
THE BROTHERS GRIMSBY
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
HARDCORE HENRY
POWERSÝNING KL. 22:10
TILBOÐ KL 5
MAÐUR SEM HEITIR OVE
TILBOÐ KL 3:55

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HARDCORE HENRY | 8, 10:10(POWER) |
| MAÐUR SEM HEITIR OVE | 5, 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | 10:10 |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 6, 8, 10:25 |
| KUNG FU PANDA 3 | 3:55 ÍSL.TAL |
| ZOOTROPOLIS | 5 |

SAMBÍÓIN
NÝJASTA MYNDIN Í DIVERGENT SERÍUNNI BYGGÐ Á SAMNEFNDUM METSÖLUBÓKUM
THE DIVERGENT SERIES ALLEGIANT
SPENNAN MAGNAST Í ÞESSARI FRÁBÆRU MYND
90%
10 CLOVERFIELD LANE
NÝJASTA MYND J.J. ABRAMS
BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| ALLEGIANT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| ALLEGIANT VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:20 - 8:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:20 |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 3:40 - 4:20 - 6 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 3D | KL. 3 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| ALLEGIANT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE SHOW OF SHOWS | KL. 5:40 - 7:20 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 10:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 9 |
| ROOM | KL. 8 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| ALLEGIANT | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 8 - 10:20 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| ALLEGIANT | KL. 8 - 10:35 |
| HARDCORE HENRY | KL. 8 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| ALLEGIANT | KL. 8 - 10:35 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 11:10 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 4:50 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 8 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |

THE SHOW OF SHOWS
ZOOTROPOLIS

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. APRÍL 2016

### Tónlist

**Hvað?** Dimma og Wacken Metal Battle
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hlégarður, Mosfellsbær
Hljómsveitakeppnin Wacken Metal Battle fer fram í kvöld og keppa sex sveitir í úrslitum og mun 15 manna alþjóðleg dómnefn ásamt áhorfendum velja eina af sveitunum til þess að spila fyrir hönd Íslands á þungarokkshátíðinni Wacken Open Air í sumar. Sérstakur gestur verður hljómsveitin Dimma og einnig munu sigurvegarar keppninnar frá því í fyrra, In the Company of Men, koma fram og opna kvöldið. Miðaverð er 2.990 krónur.

**Hvað?** The Cavern Beatles
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Ábreiðuhljómsveitin The Cavern Beatles er skipuð fjórum tónlistarmönnum og ekki er stuðst við bakraddir né annað undirspil en þeirra sjálfra. Miðaverð er 5.990 til 9.990 krónur.

**Hvað?** Vinalög - Friðrik Ómar og Jógvan
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogur
Söngvararnir Friðrik Ómar og Jógvan flytja íslenskar og færeyskar dægurperlur í Salnum í Kópavogi. Þeir flytja plötuna Vinalög frá árinu 2009 í heild sinni ásamt því að segja sögur af ýmsum raunum. Plötuna flytja þeir ásamt hljómsveit sem skipuð er þeim Benedikt Brynleifssyni trommur, Vigni Snæ Vigfússyni gítar, Ingvari Alfreðssyni píanó, Gretu Salóme fiðla og Róberti Þórhallssyni bassi. Miðaverð er 5.990 krónur.

**Hvað?** Tengsl
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Húrra, Tryggvagata 22
Ný tónleikaröð þar sem frændur, frænkur, systur, bræður, pabbar, mömmur, ömmur, afar og vinir koma saman, vinna, skapa og mynda tensl á annan hátt. Í kvöld koma fram Mammút, Stereo Hypnosis, X Heart og Brilliantinus. Tónleikarnir eru tileinkaðir Lindu Mogensen en hún hefur barist við krabbamein. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Afríku ball
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Árlegt Afríkuball Afríku 20:20 fer fram í Iðnó í kvöld. Dansað verður við afríska dægurtónlist dj Kito sem leika mun dægurlög frá Afríku sunnan Sahara. Bangoura og félagar slá trommur og Bangoura band spilar lög af nýrri plötu sinni sem verður til sölu á staðnum. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Throwdown IV Underground
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn
Nýir og gamlir rapparar koma saman á þessum kvöldum og leika listir sínar. Þemað á kvöldinu í kvöld er Underground og fram koma Húni, Coyote Club x Le Múrinn, Hettumávar, Holy Hrafn & Binni Bó, HÁSTAFIR, Rímnaríki, Jói Dagur, Kíló og Vivid Brain. Einnig verða Kíló með microset. Dj Sicksoul lokar svo kvöldinu. Aðgangur er ókeypis.


Hljómsveitin Mammút spilar á Húrra ásamt Stereo Hypnosis, X Heart og Brilliantinus á fyrsta Tengslakvöldinu.

**Hvað?** Elín Helena & Caterpillarmen & The Roulette
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bar 11, Hverfisgata 18
Tónleikar á Bar 11 þar sem fram koma Caterpillarmen, Elín Helena og The Roulette.

**Hvað?** Sváfnir og Tómas á Koffee 4 You
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Koffee 4 You, Skólavörðustíg 42
Sváfnir Sigurðarson og Tómas M. Tómasson leika og syngja á veitingastaðnum Koffee 4 You. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Rafnæs #5
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Paloma
Rafnæs eru kvöld sem tengja saman ólíka hljóðheima undir hatti raftónlistar. Í kvöld koma fram með dj sett Good Moon Deer, Sísý Ey, Sykur og Vök. Aðgangseyrir er 500 krónur þar til klukkan 01.00 þá kostar 1.000 krónur inn.

### Ráðstefna

**Hvað?** Ráðstefna grunnnema í uppeldis- og menntunarfræði
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Skriða, Stakkahlíð
Árleg ráðstefna grunnnema í uppeldis- og menntunarfræði. Nemar munu kynna lokaverkefni sín og boðið verður upp á veitingar. Dagskráin stendur til 17.30. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

### Uppákomur

**Hvað?** Ferðaþjónusta á Íslandi: Er meira betra?
**Hvenær?** 10.45
**Hvar?** Aðalbygging
Skipulagsfundur þar sem tveir hópar kynna rök með og á móti tillögu um að að auka eigi hlut ferðaþjónustu hér á landi. Verkefni meistaranema í námskeiðinu Skipulag og stefnumótun í ferðamennsku. Allir velkomnir. Fundurinn fer fram í stofu A-050 og fer fram á ensku.

**Hvað?** Reykjavik Zine and Print Fair 2016
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hlemmur
Sýning á Hlemmi þar sem hægt verður að berja hin ýmsu prentverk augum. Aðgangur er ókeypis.

TAKK
HJÁLPRÆÐISHERINN HERTEX Fata og Nytjamarkaður

BÍÓ PARADÍS
MIA MADRE
BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Mia Madre ..... 17:45, 20:00
O, Brazen Age ..... 18:00
Reykjavík ..... 18:00
Fyrir framan annað fólk / In front of others ENG SUB ..... 20:00
Rams / Hrútar ENG SUB ..... 20:00
The Witch / Nornin ..... 22:15
Anomalisa ..... 22:00
Spotlight ..... 22:00
fyrir framan annað fólk

**Hvað?** Félagsfundur Kvæðamannafélagsins Iðunnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhús Gerðuberg
Næsti félagsfundur Kvæðamannafélagsins Iðunnar fer fram í kvöld. Fundurinn er tileinkaður Jóni Lárussyni en hann var atkvæðamikill kvæðamaður á fyrrihluta síðustu aldar. Sigurbjörg Á. Ólafsdóttir flytur erindi um Jón afa sinn og segir frá tónleikaferð hans og barna hans um landið. Sýndar verða myndir á glærum og spiluð tóndæmi með kveðskap Jóns. Auk þess mun Ingimar Halldórsson kveða vísur um Jón, eftir hann og fleiri. Ragnar Ingi verður með bragfræðihorn sitt og aðrir fastir dagskrárliðir á borð við litla hagyrðingamótið og litla kvæðamannamótið.

## Málstofa

**Hvað?** Málstofa Hagfræðideildar
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Stofa 206, Oddi
Ísland á heimsmarkaði. Samanburður á viðskiptakjörum Íslendinga og annarra hráefnaframleiðenda 1870-2010. Guðmundur Jónsson prófessor talar á málstofu hagfræðideildar. Allir eru velkomnir á málstofuna.

## Fyrirlestur

**Hvað?** Fyrirlestur: Maria Nawojczyk, dósent í félagsfræði
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 201, Lögberg
Fyrirlestur Mariu Nawojczyk, dósents í félagsfræði við Félagsfræði- og mannfræðideild í AGH University of Science and Technology í Kraká ber nafnið Temporary debate of universities functions: is the knowledge transfer manifestation a neo-liberal paradigm? Allir eru velkomnir.

## Kynning

**Hvað?** Hvernig líður þjóðinni?
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Litla torg, Háskólatorg
Kynningarfundur um meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum. Stutt kynning á náminu og verða kennarar og nemendur á svæðinu og svara spurningum áhugasamra umsækjanda. Léttar veitingar í boði og allir velkomnir.

**Hvað?** Ágrip af fræðum Jungs
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Geðlæknirinn Helgi Garðarsson heldur fyrirlestur um Carl Gustav Jung. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hugmyndir Jungs um formgerð sálarlífsins og hvernig hinir mörgu þættir spila saman og mynda eina heild.



**Friðrik Ómar flytur lög af plötunni Vinalög í Salnum í Kópavogi ásamt Jógvan.**

## Sýningar

**Hvað?** Misbrigði: Erindi II
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Matsalur Listaháskóla Íslands, Þverholt 11
Annars árs nemar í fatahönnun við Listaháskóla Íslands sýna verk sín í matsal skólans. Hægt verður að skoða flíkurnar í návígi ásamt vinnuferli. Nemendur sem sýna verk sín eru þau Bergur Guðnason, Darren Mark, Guðjón Andri, Hanna Margrét, Kristín Karlsdóttir, Magna Rún, María Árnadóttir, María Nielsen, Signý Gunnarsdóttir og Þóra Ásgeirsdóttir. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Forsýning – Helgi magri
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Samkomuhúsið, Akureyri
Leikfélag Akureyrar setur sýninguna Helgi magri á svið. Um er að ræða trúðasýningu sem er samsköpun leikhópsins sem útfærir alla listræna þætti sýningarinnar sjálfur. Leikarar og höfundar verksins eru þau Benedikt Karl Gröndal, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og Kjartan Darri Kristjánsson. Listrænn stjórnandi er Jón Páll Eyjólfsson en spunasýningin er byggð á verki Matthíasar Jochumssonar – Helgi hinn magri. Miðaverð á forsýninguna er 2.900 krónur.

**Hvað?** Vegbúar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Litla svið, Borgarleikhús
Tónlistarmaðurinn KK stígur á svið og segir sögu gítaranna sinna sem hafa fylgt honum í blíðu og stríðu. Hann greinir frá uppruna þeirra og tengslum sínum við hvern og einn. Höfundar verksins eru Jón Gunnar Þórðarson og KK. Leikstjóri er Jón Gunnar Þórðarson. Miðaverð er 5.500 krónur.

## Kvikmyndir

**Hvað?** Weird Movies from the Middle of America
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
Dagskrá sem helguð er tilraunakenndum kvikmyndum og myndbandsverkum frá Chicago og miðvesturríkjum Bandaríkjanna. Sýndar verða sjö kvikmyndir þar sem jafnmargir myndlistar- og kvikmyndagerðarmenn. Sýningarstjóri er Emily Eddy. Miðaverð er 2.000 krónur.


Leggðu grunn að framtíðinni og Landsbankinn bætir 6.000 krónum við

**Þegar fermingarbörn** leggja 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.






**| 19:20**
**AMERICAN IDOL**
Sjáið úrslitin ráðast í stórkostlegum lokaþætti af American Idol og við vekjum sérstaka athygli á hátíðarþætti sem sýndur verður á undan þar sem sigurvegarar fyrri þáttaraða og þekktustu andlit American Idol koma fram í sannkallaðri söngveislu sem enginn má láta framhjá sér fara.

FRÁBÆR
FÖSTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




**| 22:35**
**FURIOUS 7**
Hasarmynd frá 2015 og jafnframt nýjasta myndin í þessari sívinsælu og hraðskreiðu seríu og tekur hún upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu mynd.

**| 22:00**
**COURAGE UNDER FIRE**
Mögnuð bíómynd um ofurstann Nathaniel Serling sem er þjakaður af hugsunum um Persaflóastríðið. Aðalhlutverk leika Denzel Washington og Meg Ryan.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

07.00 **Myndbönd**
07.00 **The Simpsons**
07.05 **Myndbönd**
07.10 **Myndbönd**
07.25 **Tommi og Jenni**
07.45 **Kalli kanína og félagar**
08.05 **The Middle**
08.30 **Pretty Little Liars**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **Doctors**
10.15 **Restaurant Startup**
10.55 **Mike & Molly**
11.15 **Grand Designs**
12.05 **Margra barna mæður**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Get Low**
14.40 **One Direction. This is Us**
16.10 **The Choice**
16.55 **The Simpsons**
17.20 **Bold and the Beautiful**
17.45 **Nágrannar** Fylgjumst með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
18.30 **Fréttir Stöðv,ar 2**
18.47 **Íþróttir**
18.55 **Ísland í dag**
19.20 **American Idol**
20.20 **American Idol**
21.05 **American Idol** Nú kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í þessum æsispennandi lokaþætti af American Idol. Til mikils er að vinna því fram undan bíður þess sem vinnur keppnina frægð og glæstur frami á heimsvísu. Að vanda er lagt sérstaklega mikið í umgjörðina svo hún verði sem glæsilegust á lokametrunum svo óhætt er að lofa stórglæsilegu sjónarpili sem mun gleðja hug, hjörtu og eyru áhorfenda.
22.35 **Furious 7**
00.50 **The Thin Red Line**
03.30 **Get Low**
05.15 **The Middle**
05.35 **The Big Bang Theory**
05.55 **Myndbönd**

## SPORT

07.20 **Borussia Dortm. - Liverpool**
09.00 **Athletic - Sevilla**
10.40 **Villarreal - Sparta Praha**
12.20 **Barcelona - Atletico Madrid**
14.00 **Borussia Dortm. - Liverpool**
15.40 **Njarðvík - KR**
17.20 **Körfuboltakvöld**
18.00 **PL Match Pack**
18.30 **La Liga Report**
19.00 **Lokakvöld - Tölt 1 og flugskeið**
22.45 **Premier League Preview**
23.15 **Evrópudeildarmörkin**
00.05 **Bundesliga Weekly**
00.30 **Dallas Mavericks - Memphis Grizzlies**

## SPORT 2

10.50 **West Ham - Crystal Palace**
12.35 **Inter Milan - Torino**
14.15 **Football League Show**
14.45 **Liverpool - Tottenham**
16.30 **Man. Utd. - Everton**
18.10 **Premier League Review**
19.05 **Grindavík - Haukar**
21.10 **Barcelona - Real Madrid**
22.55 **Lazio - Roma**
00.35 **Bayern Munchen - Benfica**

## GOLFSTÖÐIN

08.45 **Augusta Masters**
13.15 **Golfing World**
14.05 **Inside The PGA Tour**
14.30 **2016 Augusta Masters**
19.00 **2016 Augusta Masters**
23.30 **Champions Tour Highlights**

## STÖÐ 3

18.25 **Masterchef USA**
19.10 **Guys With Kids**
19.30 **Community**
19.55 **First Dates**
20.45 **NCIS Los Angeles**
21.30 **Justified**
22.20 **Supernatural**
23.05 **Sons of Anarchy**
23.50 **Community**
00.10 **First Dates**
01.00 **NCIS Los Angeles**
01.40 **Justified**
02.30 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Könnuðurinn Dóra**
07.24 **Mörgæsirnar**
07.47 **Óskastund með Skoppu og Skítlu**
08.00 **Áfram Diego, áfram!**
08.24 **Svampur Sveinsson**
08.49 **Sumardalsmyllan**
08.55 **UKI**
09.00 **Ljóti andarunginn og ég**
09.25 **Latibær**
09.48 **Hvellur keppnisbíll**
10.00 **Ævintýri Tinna**
10.25 **Lína langsokkur**
10.47 **Ævintýraferðin**
11.00 **Könnuðurinn Dóra**
11.24 **Mörgæsirnar**
11.47 **Óskastund með Skoppu og Skítlu**
12.00 **Áfram Diego, áfram!**
12.24 **Svampur Sveinsson**
12.49 **Sumardalsmyllan**
12.55 **UKI**
13.00 **Ljóti andarunginn og ég**
13.22 **Latibær**
13.45 **Hvellur keppnisbíll**
14.00 **Ævintýri Tinna**
14.23 **Lína langsokkur**
14.46 **Ævintýraferðin**
15.00 **Könnuðurinn Dóra**
15.24 **Mörgæsirnar**
15.47 **Óskastund með Skoppu og Skítlu**
16.00 **Áfram Diego, áfram!**
16.24 **Svampur Sveinsson**
16.49 **Sumardalsmyllan**
16.55 **UKI**
17.00 **Ljóti andarunginn og ég**
17.22 **Latibær**
17.45 **Hvellur keppnisbíll**
18.00 **Ævintýri Tinna**
18.23 **Lína langsokkur**
18.46 **Ævintýraferðin**
19.00 **Robots**



Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GULLSTÖÐIN

17.45 **Raising Hope**
18.10 **Raising Hope**
18.30 **2 Broke Girls**
18.55 **Friends**
19.20 **Mom**
19.40 **Veistu hver ég var?**
20.25 **It's Always Sunny in Philadelp**
20.50 **Believe**
21.35 **Mind Games**
22.20 **Boardwalk Empire**
23.20 **The Mentalist**
00.00 **Longmire**
00.45 **Friends**
01.05 **Veistu hver ég var?**
01.50 **It's Always Sunny in Philadelp**
02.10 **Believe og Harry Potter and the Prisoner of Azkaban.**
02.55 **Mind Games**
03.40 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**10:10 Another Happy Day**
**12:10 Wedding Crashers** Drepfyndin mynd um félagana John og Jeremy sem finnst ekkert skemmtilegra en að mæta óboðnir í brúðkaupsveislur. Þar eru þeir alltaf hrókur alls fagnaðar og enda kvöldið sífellt í félagsskap fallegra kvenna. Það er að segja þar til John fellur kylliflatur fyrir dóttur stjórnmálamanns. Í aðalhlutverkum eru grínararnir Owen Wilson og Vince Vaughn.
**14:10 Beyond the Lights**
**16:05 Another Happy Day**
**18:05 Wedding Crashers**
**20:05 Beyond the Lights**
**22:00 Courage under Fire** Mögnuð bíómynd um ofurstann Nathaniel Serling sem er þjakaður af hugsunum um Persaflóastríðið. Þar gaf hann skipun um árás á skriðdreka sem hann taldi að væri frá Írökum en reyndist vera bandarískur og nokkrir menn létu lífið. Serling hefur verið sendur heim í önnur verkefni sem felast í því að rannsaka hvort veita eigi Karen Walden heiðursorðu.
**23:55 This is The End**
**01:40 Curse of Chucky**
**03:20 Courage under Fire**

## RÚV

16.55 **Leiðin til Frakklands**
17.25 **Á spretti**
17.45 **Táknmálsfréttir**
17.55 **KrakkaRÚV**
17.56 **Sara og önd**
18.03 **Pósturinn Páll**
18.18 **Lundaklettur**
18.26 **Gulljakkinn**
18.28 **Drekar**
18.50 **Öldin hennar**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
20.00 **Útsvar**
21.15 **Vikan með Gísla Marteini**
22.00 **Barnaby ræður gátuna**
23.30 **Konan í búrinu**
01.05 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
08.00 **Everybody Loves Raymond**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **Top Chef**
09.50 **Survivor**
10.35 **Pepsi MAX tónlist**
12.20 **Dr. Phil**
13.00 **Biggest Loser Ísland - upphitun**
13.30 **The Biggest Loser - Ísland hreyfingu.**
15.05 **The Voice**
15.50 **Three Rivers**
16.35 **The Tonight Show**
17.15 **The Late Late Show**
17.55 **Dr. Phil**
18.35 **Everybody Loves Raymond**
19.00 **King of Queens**
19.25 **How I Met Your Mother**
19.50 **America's Funniest Home Videos**
20.15 **The Voice**
21.45 **Blue Bloods**
22.30 **The Tonight Show**
23.10 **Satisfaction**
23.55 **State Of Affairs**
00.40 **The Affair**
01.25 **House of Lies**
01.50 **The Walking Dead**
02.35 **Penny Dreadful London**
03.20 **Hannibal**
04.05 **The Tonight Show**
04.45 **The Late Late Show**
05.25 **Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




mazda

Mazda3 er brautryðjandi á marga vegu. Framúrskarandi aksturseiginleikar Mazda halda bílnum límdum við veginn á meðan SkyActiv tæknin tryggir sparneytni án þess að skerða vélarafl. Að keyra Mazda3 er hrein ánægja fyrir þann sem vill algjöra stjórn því stýrissvörunin er frábær og viðbragðið næmt.

Útlit Mazda3 þykir sérstaklega vel heppnað. Útlínur bílsins gæla við augað enda er Mazda3 smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem innblásin er af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígurs.

Mazda3 er sportlegur fólksbíll með spennandi akstureiginleika, háþróaðan öryggisbúnað, notendavænt upplýsingakerfi, einstaka eldsneytisnýtingu og fyrsta flokks þægindi.

*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Nýr vefur

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Eins og sprungin blaðra





LÍFSBARÁTTA LÓUNNAR

gydaloa@frettabladid.is
@gydaloa

Það er hægara sagt en gert að ætla að skrifa um eitthvað annað en ástandið í þjóðfélaginu akkúrat núna. Ég held að það sé að minnsta kosti óhætt að segja að ég geti nú sett mig talsvert vel í fótspor og tilfinningalíf sprunginnar blöðru. Annars er eitt sem er alltaf hægt að tala um þegar manni dettur ekkert annað í hug og það er veðrið.

**Gluggaveður** Ég er virkilega léleg í því að klæða mig eftir veðri. Vanhæfnin sætir auðvitað ákveðinni undrun sé litið til þess að ég hef verið búsett á þessu skeri síðan ég skaust í heiminn. Mér tekst samt alltaf á ótrúlegan hátt að meta aðstæður vitlaust og enda annað hvort alltof vel klædd eða alltof illa klædd. Sem veldur því að mér er ýmist ískalt eða ég er við það að skilja við sökum ofhitnunar. Vegna veðurfars er það reyndar yfirleitt þannig að ég er of illa klædd.

Akkilesarhæll minn er gluggaveður og ég á svoleiðis í stökustu vandræðum með að klæða mig á morgnana. Síðustu daga hef ég vaknað í slíkum funhita og sólskini að það mætti halda að ég væri staðsett á ströndinni á Tortóla. Ég klæði mig svo nánast í samræmi við það og um leið og ég stíg út átta ég mig á því að eitthvað hefur misfarist.

**Helgin** Annars er ég mjög spennt fyrir komandi helgi. Þá getur maður einbeitt sér hundrað prósent að því að fylgjast með fréttunum. Það er nefnilega búið að vera örlítið hamlandi að hafa þurft að sinna öðrum erindum í vikunni eins og til dæmis að vinna. Maður má bara ekki missa af neinu – þá skilur maður bara alls ekkert hvað er í gangi.

Það er einmitt það sem kom fyrir mig í gær þegar ég fór út að borða með breskum vini mínum sem ég hef ekki séð í sex ár. Síðustu daga er maður auðvitað búinn að vera með puttann á púlsinum. Tuttugu tabs opna í tölvunni, sífellt að refresha Twitter og fylgjast með öllum aukafréttatímunum á rauntíma. Ég myndi því segja að ég hefði verið temmilega vel upplýst um gang mála og fór glöð í bragði út að borða. Ég var úr nettengingu í rúma tvo klukkutíma og þegar ég kom aftur heim skildi ég ekkert. Bara alls ekki neitt.

En ég er allavega mjög glöð með helgina og er ekki með neitt planað og mun því haga mínum frídögum í samræmi við næstu fréttir. Vonandi klædd í samræmi við veður í þetta sinn.







**Hér gefur að líta Sigurð Inga Jóhannsson með klútinn fræga. Það hefur vakið sérstaka athygli að hann var bæði með klút og trefil á leið sinni út úr stjórnarráðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR OG ANTON BRINK

# Hefur vakið athygli fyrir skrautlega hálsklúta og hring á þumalfingri

Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra Íslands, hefur, líkt og flestir hafa sjálfsagt tekið eftir, verið áberandi í fjölmiðlum síðustu daga. Hann hefur vakið athygli fyrir að nota hálsklút og bera hring á þumalfingri. Fréttablaðið heyrði í **Elsu Ingjaldsdóttur**, eiginkonu Sigurðar Inga, og spurði hana út í þessi nýju tískutrend forsætisráðherra.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is
Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



**ÞETTA ER ALLS EKKI TÍSKUTREND, HANN ER MEÐ HÁLSBÓLGU.**

Þetta er alls ekki tískutrend, hann er með hálsbólgu, og er hálf veikur, annars er hann bindismaður. Hann passar að vera með bindi þegar hann er á þingi. Svo ef þú sérð hann með hálsklút er hann með hálsbólgu,“ segir Elsa Ingjaldsdóttir, eiginkona Sigurðar Inga Jóhannssonar forsætisráðherra Íslands, aðspurð hvort Sigurður væri að koma á framfæri nýrri klútatísku þar sem hann hefur verið með klút vafinn þétt um hálsinn síðustu daga.

Sigurður Ingi hefur verið áberandi síðustu daga og tók í gær við sem forsætisráðherra eftir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson steig til hliðar. En hvernig týpa er Sigurður?

„Það er alveg á hreinu að honum líður best í reiðbuxunum og flíspeysunni. Hann fer auðvitað í fallega skyrtu og setur upp bindi þegar hann fer á þing en reiðbuxurnar og flíspeysan verður allaf fyrir valinu hér heimafyrir,“ segir Elsa.

Eins og flestir hafa tekið eftir ber Sigurður þykkan gullhring á þumalfingri og hafa margir velt fyrir sér hvort einhver merking sé bak við staðsetningu hringsins.

„Þetta er giftingarhringurinn hans, bara hefðbundinn giftingarhringur. Sigurður er með sömu puttastærð á baugfingri og þumalfingri sem þykir mjög sjaldgæft. Þetta er heiðinn siður, en það er ekki eins og hann sé heiðinn heldur finnst honum hringurinn flækjast minna fyrir sér á þumalfingri, því sem dýralæknir gekk hann aldrei með hring. Þegar hann fór á þing fór hann að bera hringinn oftar og þá setti hann hringinn á þumalfingur. Hann fiktar mikið í honum og skiptir honum á milli fingra,“ segir Elsa og hlær.

## Saga klúta og hringa

Þumalhringir eiga upphaf sitt við lok steinaldar í Austurlöndum fjær og voru þar upphaflega notaðir af bogmönnum sem notuðu þá til verja þumalinn fyrir bogastrengnum. Í gegnum aldirnar hefur þumalhringurinn lifað áfram og m.a. notaður til að tákna ákveðna stöðu innan samfélagsins. Margir vilja meina að þumalhringurinn hafi symbólska merkingu; að hann tákni völd. Það að valdamesti maður Íslands kjósi að bera þumalhring er vissulega vísbending um að þetta geti verið rétt.

Saga hálsklúta nær a.m.k. aftur til Rómar til forna þar sem þeir voru notaðir til að þurrka svita af enni og hálsi. Hermenn í veldi Cheng Kínakeisara báru hálsklúta sem tákn um stöðu sína innan hersins. Nokkru síðar, eða á 17. öld, voru það króatískir málaliðar sem notuðu hálsklúta – þessu öpuðu Frakkar svo eftir og úr varð tegund klúts sem kallast cravat. Það hefur alltaf verið tengt valdi að bera silkiklút um hálsinn: allt frá hálsbindum, eins og flestir karlmenn á þingi eru með, yfir í klúta eins og þann sem Sigurður Ingi hefur sést með síðustu daga.

Made in Iceland
BIOEFFECT

# BIOEFFECT
# HÚÐVÖRUDAGAR Í LYFJU

## 8.-12. APRÍL




**20%** afsláttur af BIOEFFECT

Kaupauki fylgir ef keyptar eru BIOEFFECT húðvörur fyrir 7.900 kr. eða meira

Meðal verðlauna sem BIOEFFECT hefur hlotið:

VOGUE

LYFJA

www.bioeffect.is






# Stígur sín fyrstu skref í heimildarmyndagerð

**Sylvia Erla Melsted** söngkona sendir frá sér nýtt myndband á sunnudag, samhliða því að vera á bólakafi í að undirbúa frumraun sína í heimildarmyndagerð. Hana langar að fá fólk til að sjá lesblindu í jákvæðu ljósi og er þakklát fyrir að hafa fengið það verkefni í lífinu.

„Ég er að vinna að heimildarmynd um lesblindu. Ég er sjálf lesblind og veit því hvað það er og hvað þú þarft að leggja á þig í skóla. Það eru margir sem vita ekki hvað lesblinda er og hvernig hún virkar og vil ég útskýra það einnig fyrir þeim,“ segir söngkonan Sylvia Erla Melsted, sem nú rær á ný mið í samvinnu við Sagafilm og stígur þar með sín fyrstu spor í heimildarmyndavinnu. Myndin er væntanleg til sýninga í lok sumars.

Aðspurð hvernig slíkt komi til, sér í lagi í ljósi þess að hún er á blússandi ferð að byggja upp tónlistarferilinn sinn akkúrat núna, svarar hún að sig hafi einfaldlega langað að sýna fólki að hægt væri að snúa lesblindunni sér í vil. Sjálf segist hún aldrei hafa orðið fyrir aðkasti hennar vegna né hafi hún átt erfitt með að sætta sig við hlutskiptið, en bæði hafi hún talað við og heyrt af öðrum sem ekki hafi átt jafn auðvelt með það. Hún sé þannig mjög opin fyrir lesblindunni og sé afar glöð yfir að hafa fengið það verkefni í lífinu. „Mig langar að sýna að það er hægt að snúa þessu verkefni sem maður fær í lífinu á jákvæðan hátt og gera það besta úr því sem maður fær.“

Sylvia hefur sumsé eytt undanförnum mánuðum í heimildarvinnu samhliða námi sínu við Verzlunarskóla Íslands og námi í óperusöng. Hefur hún ekki gefið sér neinn afslátt þrátt fyrir það og líklega á hún fleiri klukkustundir í sínum sólarhring en flest okkar hinna. „Ég hef til að mynda talað við ráðamenn þjóðarinnar er sinna menntamálum og einnig hef ég rætt við Margréti Frímannsdóttur, fyrrverandi forstöðumann á Litla-Hrauni,“ segir hún og undirstrikar að öllu máli skipta að styðja vel við fólk sem á við einhvers konar námsörðugleika að stríða.

„Ég geri mér grein fyrir því að ég var mjög heppin í lífinu að eiga mömmu sem studdi mig þúsund prósent og ég fékk hjálp frá frábæru fólki sem á stóran part í því að mér gengur vel í skóla í dag. Og ekki hvað síst þegar við horfum til þess að ég er að útskrifast úr Verzló í vor,“ segir hún og ljómar öll.

Hún segir jafnframt að með hjálp mömmu sinnar og kennara hafi hún áttað sig á að trúin á sig sjálfa væri það sem öllu skipti. „Oft var þetta þannig að sama hvað ég lærði mikið og setti allt líf mitt á „hold“ fyrir lærdóm þá uppskar ég ekki eins og ég sáði. Þegar ég fór svo til Áslaugar Ásgeirsdóttur lesblindukennara sagði hún einfaldlega við mig; „til hamingju með að vera lesblind.“ Það eru nefnilega margir kostir sem lesblindir hafa umfram aðra. Boðskapur heimildarmyndarinnar er að fá fólk til að horfa á það sem við höfum, en ekki einblína á það sem við höfum ekki.“

Og það hefur Sylvia svo sannarlega gert, en eins og áður segir lýkur hún stúdentsprófi frá Verzló í vor og er samhliða því á bólakafi í að sinna tónlistarkölluninni. Hún mun til að mynda senda frá sér myndband við lagið Gone á sunnudaginn, þar sem öllu hefur verið til tjaldað og er í leikstjórn Sögu Sigurðardóttur. „Ég fékk Stellu Rózenkranz til að sjá um kóreógrafík og er með mjög góðan hóp dansara með mér,“ segir hún og segir fólk mega eiga von á góðu án þess þó að upplýsa mikið meira um það. Myndbandið verður frumsýnt á Vísi á sunnudaginn.

**gudrun@frettabladid.is**



**„Til hamingju með að vera lesblind,“ eru orð kennara Sylvíu. Hún mun halda þeim á lofti í myndinni sem væntanleg er í lok sumars.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **ÉG HEF TIL AÐ MYNDA TALAÐ VIÐ RÁÐAMENN ÞJÓÐARINNAR ER SINNA MENNTAMÁLUM OG EINNIG HEF ÉG RÆTT VIÐ MARGRÉTI FRÍMANNSDÓTTUR, FYRRVERANDI FORSTÖÐUMANN Á LITLA-HRAUNI.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Ný sending af La Sportiva Mix.






La Sportiva Mix henta vel í grýttu undirlagi og eru með sérstaka klifurrönd á tánni sem ver þá gegn grjóti. Tæknilegir og léttir gönguskór með góðri dempun sem laga sig vel að fæti. Henta vel sem hversdagsskór og í almenna útivist.

**Verð: 25.900 kr.**

La Sportiva skórnir fást í verslunum 66°Norður.

LA SPORTIVA®

lasportiva.is

66° NORÐUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Hildar Björnsdóttur




## Dramb er falli næst

Síðustu ár hefur þjóðin staðið frammi fyrir því umfangsmikla verkefni að endurvekja traust til stjórnkerfisins. Þá hefur krafan um heiðarlegt stjórnmálafólk aldrei verið sterkari. Þegar æðsti valdhafi þjóðarinnar reynist fara leynt með mikilvægar upplýsingar – og gerist uppvís að lygum – eru sterk viðbrögð þjóðar fyrirséð.

Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni er ekki alls varnað. Yfir skamma stjórnartíð hefur hann leyst fjölmörg flókin viðfangsefni og staðið við yfirdrifin kosningaloforð gagnvart kjósendum sínum. Það verður þó að teljast með ólíkindum hvernig þjóðarleiðtogi með heilt aðstoðarmannahrúgald getur leikið svo marga pólitíska afleiki. Hversu oft hann reynist misskilinn. Mjallmundur hefði betur beðið einhvern dverganna sjö að rita fundargerðir. Það þykir víst ágætis leið til að skrásetja samskipti og útiloka misskilning.

„Sá er ekki altaf tryggastur, sem situr kjur, heldur hinn sem kemur aftur,“ ritaði Laxness. Tregða íslensks stjórnmálafólks til að víkja þegar trúverðugleiki þess bíður hnekki er undarleg. Í flestum vestrænum lýðræðisríkjum stígur fólk til hliðar hafi það brotið trúnað við þjóð sína. Það markar sjaldnast endalok og gefur gjarnan færi á endurkomu. Kyrrseta er ekki alltaf farsælust. Þeir sem víkja geta komið aftur.

Við erum öll mennsk. Við gerum öll mistök. Það er vont að viðurkenna og spegilmyndin svíður. Viðbrögð fólks við eigin mistökum eru besta manndómsprófið. Þá er máttur auðmýktar mikill. Þegar forsætisráðherra verður uppvís að lygum hefur trúverðugleiki hans beðið hnekki. Úr slíkum aðstæðum verður ekki unnið með yfirgangi og hroka. Það var reynt til þrautar á dögunum og sannaðist hið fornkveðna – að dramb er falli næst.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




